Benedikt segir að fyrstu sendingarnar af nýjum jólavörum hafi komið í byrjun sumars og að nú aukist innflutningurinn með hverri vikunni sem líður til jóla. Þetta er tíu ára afmælisárhátt Jólagarðum og Benedikt lofar ýmsum óvæntum uppákomum til hátiðabrigða.

En er ekkert erfitt að vera innan

um jólalög og jóladót allan ársins hring? „Ég segi nú alltaf að það geri mann bara að betri manni að vera innan um þetta. Fáir karlmenn trúa mér en stelpurnar eiga miklu auðveldara með að finna sig í þessu. Eftir tíu ár í þessu er ég eiginlega bara orðinn að jólasveini og rembist við að leika mann.“


Og hvað eru svo margir dagar til jóla? „Þeir eru 107,“ segir Benedikt, alveg með það á tær.

Opnum kl. 9



Skipholtsapótek 10 ára

# Lækkað verð á öllum lyfjum



- 15-40% afsláttur af öllum Nikótínlyfjum.**
- Elli- og örorkulífeyrisþegar fá 5-100% afslátt af sjúklingshluta lyfseðils sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða.**  
**Gott verð á hjarta- og asmalyfjum.**
- Allt að 50% afsláttur af vítamínum.**
- Ókeypis vítamín- og hómópataráðgjöf á fimmtudögum frá kl. 13 – 17.**



**SKIPHOLTS APÓTEK**  
– ódýr lyf

Skipholti 50b, 105 Reykjavík, sími 551 7234

Opið 9-18:30 virka daga.

# Fimm ára saga glataðra tækifæra

Það er ekki ofmælt að segja að atburðir hins ellafta september ársins 2001 hafi breytt heiminum. „Við erum öll Bandaríkjamein“ lýsti franska blaðið Le Monde yfir daginn eftir ódæðin, sem urðu nærrí þrjú þúsund manns af 37 þjóðernum að aldurtilla. En þau fimm ár „stríðs gegn hryðjuverkum“ sem síðan eru liðin hafa að flestra domi gert heiminn ófílegri og stóraukið óvild í garð Bandaríkjanna, einkum og sér í lagi í löndum múslima, þar sem öfgahugmyndafræði Osama bin Laden nýtur nú margfalt meira fylgis en áður.

Fimm árum eftir að George W. Bush Bandaríkjaforseti lýsti því yfir að Bandaríkin ættu í stríði við alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi hefur verulega kvarnast úr þeim hópi bandamanna sem fús stóð með honum í upphafi þessa stríðs.

Efasemdir um stefnu „forysturíkis Vesturlanda“, sem eftir lok kalda stríðsins stóð uppi sem eina risaveldið, eru orðnar útbreiddar meðal bandamannanna. Sú samúð sem Bandaríkjamein nutu út um allan heim hefur snúist upp í tortryggni, og sums staðar í hreinstöð Bandaríkjahers við Guantanamoflóá á Kúbu, fangamisþyrmingahneykslið í Abu Ghraib-fangelsinu í Írak, leynifangelsi og fangaflug hafa aukið á þessa tortryggni og grafið undan stuðningi við hið svonefnda stríð gegn hryðjuverkum. Enginn Bandaríkjaforseti hefur verið eins óvin-sæll utan Bandaríkjanna og „stríðsforsetinn“ George W. Bush.

**Eintóm sjálfsmörk**  
Jón Ormur Halldórsson stjórnálfraðingur segir í samtali við



GENGUR ENN LAUS Þótt 25 milljónir Bandaríkjadalra hafi verið sett til höfuðs Osama bin Ladens gengur hann enn laus. Hann sendi frá sér nýjustu myndbands-ordsendingu sína til heimsins fyrir helgina.

NORDICPHOTOS/AFP



ÓTTINN SÆKIR BANDARÍKIN HEIM Vegfarendur í New York flýja sem fætur toga undan hrynjandi Tíburaturnunum. Óttinn sem árásirnar sköpuðu breyttu heimsmynd Bandaríkjameina – og kallaði á hefnd.

Fréttablaðið að hægt sé að líkja því hvernig Bandaríkjamein hafa rekið stríðið gegn hryðjuverkum með fótboltalíð, sem „skorar nær eingöngu sjálfsmörk“.

„Pessir atburðir urðu til þess að Bandaríkin endurskoðuðu mjög sína utanríkisstefnu, skerptu þar ákvæðnar áherslur, og í rauninni gerðu stríðið gegn hryðjuverkum að meginatriði á dagskrá heims-málanna,“ útskýrir Jón Ormur. „Í rauninni fór dagskrá heims-málanna að miðast við þetta, og allt annað í alþjóðastjórnámálum fór að lúta einhverjum lögmlánum um tengsl við þetta meginatrið.“

Arangurinn af þessu er sá, að heimurinn sé miklu öruggari en hann var fyrir fimm árum. Að dómi Jóns hefur því þetta stríð gegn hryðjuverkum „gersamlega mistekist“.

## Viðbrögðin orðin mesta ógnin

Að sögn Jóns er nú svo komið að helsta ógnin við frið og öryggi í heiminum eru ekki hryðjuverk sem slík, heldur viðbrögð við hryðjuverkum.

Þau viðbrögð hafi af hálfu Bandaríkjamaðra fyrst falist í innrás í Afganistan, sem segja megi að hafi heppnast að nokkru leytí; við hana var mjög viðtækar stuðningur enda hafði hún að markmiði að koma í veg fyrir að hryðjuverkamenn hefðu land þar sem þeir gætu athafnað sig.

„Næsta skref var síðan innrás í Írak, sem hafði algjörlega ófugl áhrif. Þar var opnað land fyrir hryðjuverkamönnum sem hafði verið beim algjörlega lokað áður,“ bendir Jón á. Þar að auki hafi þetta hjálpað hryðjuverkamönnum að því leyti að stefna manna eins og Osama bin Laden og fylgismanna hans, sem reyna að telja múslimanum trú um að heimur múslima sé undir samfelldri árás, verkar trú-verðugri en áður á fólk í músliman-löndunum. „Pessar ófgahugmyndir bin Laden, sem eru mjög hættulegar ranghugmyndir, trúðu ekki margir á árið 2001, en það gera því miður miklu fleiri nu en þá,“ segir hann. Þetta staðfesti athuganir í öllum ríkjum Miðausturlanda og Mið- og Suðaustur-Asíu, þar sem múslimar eru fjölmennir.

## Ranghugmyndir bin Ladens breiðast út

„Pessi ranghugmynd bin Laden, að heimur múslima sé undir einhvers konar árás frá Vesturlöndum, er orðin viðtekin, sérstaklega meðal ungs fólks í þessum löndum,“ segir Jón. Aðgerðir Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum hafi bannig nánast verið eins og pant-áðar af Osama bin Laden og samherjum hans. Vart sé hægt að ímynda sér nokkur viðbrögð sem væru eins líkleg til að auka fylgi

við öfgamenn heldur en þau sem Bandaríkin gripu til, einkum og sér í lagi innrásin í Írak og hvernig mál hafa þróast þar í landi síðan. Jón segir þann skýlausa stuðning sem Bandaríkin veittu Ísraelum í hernaði þeirra í Libanon í sumar hafa enn orðið til þess að rýra almenningsálitið á þeim í löndum múslima.

„Gífurlegur fjöldi ungs fólks í þessum löndum hefur þannig komið að þá skoðun að það sé eitthvað til í boðskap bin Laden, en þeir sem trúðu því fyrir fimm árum voru afskaplega fáir. Mér finnst því helst hægt að líkja þessu stríði gegn hryðjuverkum við fótbalta-lið sem gerir mjög mikið af mörkum, en nær eingöngu sjálfsmörk,“ segir Jón.

## Glötuð tækifæri

„Þetta er ótrúleg saga glataðra tækifæra,“ bætir hann við. Bandaríkjamein hafi glutrað niður á þessum stutta tíma mikilli vel-vild og viðurkenningu. Það sem sé einkum alvarlegt við þetta fyrir okkar

JÓN ORMUR HALLDÓRSSON



audunn@frettabladid.is

heimshluta sé að gjá hafi opnast milli Bandaríkjanna og Evrópu. „Pessi gjá virðist vera svo djúp, að fólk í Evrópu skynjar Bandaríkin sem allt öðruvísi land, annan heim þar sem fólk hugsar öðruvísi, sér hlutina með allt öðrum hætti og bar sem heimsmynd fólk er í grundvallaratrídum önnur en sú sem ríkri í Evrópu. Erfitt sé að sjá að forsetaskipti myndu breyta nokkru svo um muni í þessu samhengi; til þess sé sú heimsmynd sem birtist Bandaríkjameinum í gegnum fjölmölda vestra of frá-brögðin hinni evrópsku.“

Jón segist hó ekki sjá einhliða ákvörðun Bandaríkjastjórnar um að kalla her sinn heim frá Íslandi í beinu samhengi við „stríðið gegn hryðjuverkum“, að öðru leyti en því að Bandaríkjamein hafi á undanförnum árum verið að færa her-afla sinn frá Vestur-Evrópu austar á bóginn, nær helstu átakasvæðum.

„En þetta hefur kallað að endurmat á stöðu Íslands í heiminum, bæði gagnvart Bandaríkjum og Evrópu. Ég held að Íslendingar, rétt eins og aðrir Evrópumenn, horfi til Bandaríkjanna af miklu meiri tortryggni en þeim var tamt að gera áður. Hermálið og hvernig staðið var að því hér hefur aukið á þessa tortryggni,“ segir Jón Ormur Halldórsson.

## HELSTU ATBURÐIR FRÁ HRYÐJUVERKAÁRÁSUNUM Á BANDARÍKIN 11. SEPTEMBER 2001

### 2001



**11. SEPTEMBER**  
Fjórum bandarískum farþegaflugvélum rænt, tveimur þeirra flogið á Tíburaturnana í New York, einni á Pentagonbygginguna í Washington og sú fjórða hrappar á akur í Pennsylvaníu. Grunur beinist fljótt að al-Káifa.

### 16. SEPTEMBER

George W. Bush Bandaríkjaforseti heitir því að fara í „krossferð“ til þess að „losa heiminn við ill-virkja“.



### 7. OKTÓBER

Herlið Bandaríkjanna og Bretta hefja innrás í Afganistan.

### 2002

**29. JANÚAR**  
Bush segir í árlegri stefnuræðu sinni að Írak, Íran og Norður-Kórea séu „óxulveldi hins illa“.



### 26. OKTÓBER

Bandaríkjapring samþykki Föðurlandslögin. Þau veita lögreglu og leyniþjónustu viðtækar heimildir sem gagnýnendur

### SEÐJA BROTT Á BANDARÍSKU STJÓRNARSKRÁNNI.

### FEBRÚAR

Fangabúðir reistar við Guantanomo á Kúbu til þess að hýsa liðsmenn al-Káida og talibanahreyfingarinnar. Bandaríkjastjórn segir þá vera „óvinveitta bardagamenn“ sem eigi ekki rétt á vernd samkvæmt Genfarsáttmálanum.

### 12. OKTÓBER

Þrjár sprengjur springa á ferðamannaejunni Balí í Indónesíu. Þar farast 202 manns, flestir ferðamenn frá Vesturlöndum.

### 25 NÓVEMBER

Bush undirritar Heimavarnarlögin. Nýtt heimavarnarráðuneyti stofnað með 169 þúsund starfsmönnum.



### 19. MARS

Innrásin í Írak hefst með Bandaríkjaher í fararbroddi.

### 1. MAÍ

Bush lýsir því að hernáðarártökum í Írak sé að mestu lokið.

### JÚNÍ

Fréttir af misþyrmingu fanga í Abu Ghraib-fangelsinu í Írak vekja hneykslun.

### 2004

**11. MARS**  
Tíu sprengjur springa í fjórum járnbrautarlestum í Madrid á Spáni. Látnir eru 191 en særðir meira en 1.200.

### 2005

**7. JÚLÍ**  
Fjórir sjálfsvígssárasármenn valda dauða 52 manna og særa 740 í árásum á jarðlestakerfi og strætisvagna í London.

### 2006

**12. JÚLÍ - 14. ÁGÚST**  
Stríð Ísraela við Hizbollah í Libanon.

### ÁGÚST

Mannskæðstu átök í Afganistan frá því talibanastjórnin fell í nóvember árið 2001.

### 10. ÁGÚST

Lögregla í Bretlandi kemur upp um áform um að sprengja upp allt að tíu farþegaflugvélar milli Bretlands og Bandaríkjanna. Eftir fimm ára átök hafa um 45.500 óbreyttir borgarar og meira en 3.200 hermenn úr liði Bandaríkjanna og bandamanna þeirra fallið í Írak. Osama bin Laden er óföndinn og talibanar að sækja í sig veðrið í Afgan-



**CITROËN**

# UPPSKERU-TILBOÐ

**C4 SALOON**

Láttu sjá þig á Citroën C4 Saloon. Flott útlit, öryggi og þægindi er munaður. C4 Saloon dúxaði örugglega á prófi árekstraröryggisstofnunarinnar EuroNCAP. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

## Vertu í flottu formi. Veldu C4

Veldu aðeins það besta. Citroën C4 er öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4. Fáðu að reynsluaka C4 og þú kynnist eiginleikum sem ekki er að finna hjá öðrum. Sjáðu Citroën C4. Þú séð að mikil af því góða er best.

Komdu í nýjan sýningarsal Citroën, Brimborg  
Bíldshöfða 8. Taktu uppskerutilboði Citroën.

### Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.

Komdu núna. Uppskeutilboð Brimborgar  
gildir meðan birgðir endast.



**Uppskeutilboð  
1.869.000 kr.**

Citroën C4 SALOON SX 1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hó\*

Bilasamningur 22.928 kr. Rekstrarleiga 34.900 kr.

### Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:

- ESP stöðugleikastyring
- ASR spölvörn
- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmáarkari
- Fjarstyring helstu stjórnrofa í stíri
- Stafrænt mælaborð með birtuskyrjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Pokulós í framstúðara
- 6 öryggispúðar
- Upphítanleg framsæti
- Geislaspilar með fjarstyringu í stíri
- 6 hálalar
- Aksturstölv
- Úthitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstilanlegt bilstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemljaförun
- EBA neyðarhemlunarþúnaður
- Rafdrifnir útspeglar
- Velti- og aðráttarstýri
- Fjarstyrð samlæsing

### Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- Bakkskynjari
- Minibar/keðli
- Glerþak
- Leðurinnréttung
- Skyggðar rúður
- Sérstykkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilar



Aflaðu þér  
frekari upplýsingar  
[www.citroen.is](http://www.citroen.is)

## Skoðaðu Citroën á uppskeutilboði í nýjum sýningarsal

**Skoðaðu Citroën í nýjum og  
glæsilegum sýningarsal.  
Bíldshöfða 8.**



Uppskeutilboð 1.599.000 kr.  
Bilasamningur 19.730 kr.  
Rekstrarleiga 30.900 kr.  
Verð án tilboðs 1.629.000 kr.




Uppskeutilboð 1.959.000 kr.  
Bilasamningur 23.797 kr.  
Rekstrarleiga 36.800 kr.  
Verð án tilboðs 2.039.000 kr.



Uppskeutilboð 2.149.000 kr.  
Bilasamningur 26.294 kr.  
Rekstrarleiga 42.168 kr.  
Verð tilboðs 2.219.000 kr.



**Uppskeuhátið  
í Brimborg**



**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

# Grunnurinn endurreistur

Fimm árum eftir árásirnar á Tvíburaturnana ætti endurreisn þeirra að vera lokið. Philip Nobel rýnir í hvað fór úrskeiðis?



**Frelsisturninn** er meginbygging þess byggingaklasa sem mun risa á „ground zero“, 65 þúsund fermetra reitnum þar sem Tvíburaturnarnir stóðu áður. Áætlað er að svæðið verði tilbúið árið 2011.

**Frelsisturninn** mun risa á norðvesturhorni reitsins og verður 541 metri á hæð og þar með hæsta hús Bandaríkjanna. Einnig er ráðgert að reisa þar þriju smærri háhýsi, safn, menningarmiðstöð og íbúðaturn sem mun umlykja fyrirhugaðan World Trade Center-minnisvarða.

**Svæðið** var upphaflega hannað af arkitektinum Daniel Libeskind, sem sigráði hönnunarsamkeppni sem borgarstjórn New York efndi til meðal valinna arkitekta. Dregið var aðeins úr háleitum hugmyndum hans við endurhönnun.

**Öryggismál** voru höfð að leiðarljósí við hönnun Frelsisturnsins. Í miðjum turninum verður sívalningur með eins metra þykum járnstyrktum steinveggjum. Innan þess sívalnings verða öll mikilvægustu öryggiskerfi turnsins, samskiptalinur, loftræstikerfi, vatnsleiðslur, neyðarstigar og lyftur.

**Steypan** sem notuð verður í turninn verður sérstaklega eldvarin og arkitektar fullyrða að húsið muni þola mjög þung högg. Húsið verður varið sérstaklega fyrir hruni, þannig að húsið mun standa þó að einhverjar burðarsúlur gefi sig. Þá verður loftræstikerfi hannað sérstaklega til að verjast efnavopnaárásum.

Pví ætti að vera lokið. Á þeim fimm árum sem liðin eru frá árásunum hefur gefist nægur tími til að ihuga og skipuleggja, hella steypu, setja saman stálbita, reisa nýjar skrifstofubýggingar og viðeigandi minnisvarða um þá sem týndu lífi sínu við Tvíburaturnana 11. september 2001. Það tók ekki nema tíu mánuði að hreinsa rústirnar sem gott betur en fylltu sjö hæða gryfjuna á grunni World Trade Center. En fyrir utan litla lestarstöð sem reist var til bráðabirgða og undirbúningsvinnu á botni gryfjunnar, lítur grunnurinn nokkurn veginn eins út í dag og árið 2002.


## Borg sem nærast á vandamálum

Allir lykilmennirnir – stjórnálamennirnir, skipulagsstofnanirnar, arkitektarnir og leiguréttahafi löðarinnar, Larry Silverstein – hafa unnið baki brotnu, oft í átt að sama marki, til að gæða þetta gap á neðri hluta Manhattan lífi á nýjan leik. Hvað fór úr úrskeiðis? Vandamál hafa sett strik í reikningim frá upphafi: ríkisstjóri New York, George Pataki, svipti borgaryfirvöld yfirráðum á svæðinu; Silverstein fór í mál við tryggingsfélög sín, sem tafði endurgreiðslur; íbúar í nærliggjandi hverfum sameinuðust í átaki um að halda stærð minnisvarðans í skefjum; og fjölskyldur hinna látnu lögðust á eitt til að minna að ekrurnar sextán bar sem turnarnir stóðu væru helg ve.

Dramatískt, já. Og án fordæma hvað kröfu fjölskyldnanna áhrærir. En brætur á borð við þessa eru efniviðurinn í þróun New Yorkborgar, ummerki kunnulegrar atburðarásar sem einkennist af beiskju og eiginhagsmunum. Við síkar aðstæður hefur borginni ávallt tekist að endurnýja sig. Og gert það með prýdi, eins og sést ef horft er yfir hana.

## Táknmynd frelsisins

Einn er sá þáttur sem á meiri sök á því að endurreisn grunnsins hefur dregist en hegðun framámanná í New York; það er hin skýlauska krafá stjórnvalda í Washington um hetjulegt og táknraent svar við hryðjuverkunum. New York er glæstasta borg Bandaríkjanna en um leið er hún sér á báti. Þetta er borg verslunar og viðskipta eins og bjóðartákna á borð við Empire State-bygginguna og Wall Street-kauphöllina bera vitni um. Eftir 11. september var hins vegar ætl-



FRELSISTURNINN TÁKNRÆNN OG HAGNÝTUR TILGANGUR BYGGINGARINNAR HAFA STANGAST Á OG VALDIÐ TÖFUM.

ast til bess að að New York yrði táknumynd endurreistrar bandarískrar bjóðernishyggu. Borgin hafði ekki áður búi til minnisvarða bjóðinni til dýrðar, Frelsistytta er jú gjöf frá Frökum. Það breyttist 14. september 2001 begar George W. Bush stillti sér upp fyrir framan rústirnir Tvíburaturnanna, bar gjallarhorn að munni sér og létt eina hljómmestu hótun sína falla: „Peir sem rifu þessar byggingar niður munu brátt heyrá í okkur óllum!“

Frá því hefur grunnurinn verið tengdur bjóðarstolti Bandaríkjamaðra; eins og forsetinn hafi gefið út tilskipun þess efnis. Hin hagsýna byggingastefna New York – sem að öllu jöfnu tekur aðeins mið af dollaranum – átti nú að sjá til bess að á grunnum risi minnisvarði fyrir alla bjóðina.

Þetta olli togstreitu sem hafði djúpstæð áhrif; hugmyndir Larrys Silversteins um að byggja aðra fjármálamáðstöð urðu að engu. Fyrstu drögum sem kynnt voru opinberlega fólu heldur ekki í sér neina tákraða minnisvarða. Þau voru hrópuð niður á opnum fundi í júlí árið 2002. Það varð til bess að Pataki ríkisstjóri, efndi til annarrar samkeppni í því augnamiði að finna viðeigandi minnismerki. Daniel Libeskind, bandarískur arkitekt sem fæddist í Pólland, bar sigur úr býtum í þeirri keppni árið 2003. Libeskind gerði ráð fyrir að burðarveggir Tvíburaturnanna sem enn pá stóðu yrðu minnismerki Bandaríkjanna. „Peir væri ígildi sjálfrar stjórnarskráinnar,“ útskýrði hann þegar hann kynnti hugmyndina, „og staðfesting á brautseigju lýðraðisins.“ Libeskind lagði til að byggður yrði skýjakljúfur sem líktist Frelsis-

stytturni. Byggingin myndi tákna „þyfirburði frelsisins og vera helgimynd til marks um lífsprótt okkar gagnvart hverri vá sem von er á.“

Frelsisturninn – eins og Pataki nefndi skýjakljúfinn – skyldi líka vísa í Frelsisyfirlýsingu Bandaríkjanna með því að ná 1776 fet upp í loftið. Libeskind tók ekki annað í mál. Þetta yrði hæsta bygging Bandaríkjanna og ein hæsta bygging veraldar. En Larry Silverstein vildi ekki reisa þennan turn. Hinn hagsýni verktaí taldi að enginn myndi leigja skrifstofuhúsnaði svo hátt uppi. Auk þess vildi hann frekar vinna með David Childs, arkitekt sem hefur unnið mikil fyrir stórfyrirtæki og Silverstein treysti, frekar en hinum óreynda listamanni sem Pataki hafði troðið upp á hann. Childs var að lokum falið starfið, en vandrædagangurinn varð til þess að enn eitt árið fór í súginn.

Þá dróð stórbrotan hugmyndir stjórnvalda um minnisvarðann framkvæmdirnar enn frekar á langinn; mánuðum saman deildu menn um hvað ætti að vera í safnini sem reisa átti á grunnum til minningar um fórnarlömbin. Við skipulagninguna var reynt að kom til móts við ættingja hinna látnu og fbúa í nágrenninu með þeim afleidingu að stór en látaus minnisvarði, sem Michael Arad hannaði, týndist innan um stórbrotta landslagshönnun og smáhýsi sem áttu að geyma gripi sem björguðust úr turnnum föllnu.

**Dýr og óhagnýt tákraða**  
Steininn tók svo úr nýlega þegar í ljós kom að áætlaður kostnaður við bygginduna yrði um einn milljarðar dollara; skýr birtingarmynd þess hvernig hinn tákraði og

hinn hagnýti tilgangur mannvirkisins stönguðust á. Nú hefur rækið endurskoðuð tillaga verið lögð fram og búist er við að byggingin kosti helming þess sem upphaflega var gert ráð fyrir.

Nýja tillagan uppfyllir nú líklega bæði kröfur föðurlandsvina og kaupsýlumannu. Þúið er að sníða tilgerðina af upphaflegum hugmyndum; hann minnir nú næustum því á eitt af hinum hversdagslegu opnu svæðum, sem eiga að setja nota legan blæ á stór skrifstofuhúsnaði. Frelsisturn rís eftir sem áður upp í hina tákraðu hæð en verður byggður með þarfir leigjenda í huga.

Þá gefur hin nýreista skrifstofubýgging 7 World Trade Center, sem David Childs hannaði á nærliggjandi lóð, góð fyrirheit. Um er að ræða glæsilegt skrifstofuhúsnaði sem hlotið hefur lof gagnrýnenda.

Fleiri turnar – lausir við tákraðan tilgang – eru í bígerð. Fyrst námu, fimm árum eftir árásirnar, eru áætlanirnar um grunnum farnar að minna á framkvæmdir að hætti New York-búa, sem leyfir okkur að vona að þarna muni eitt-háð rísa – jafnvel áður en tíu ár verða liðin frá árásunum 11. september.



Philip Nobel býr í New York og skrifar um arkitektúr. Bók hans *Sixteen Acres: Architecture and the Outrageous Struggle for the Future of Ground Zero* kom út í fyrra.

**Það vantar:**

**Starfsfólk í sal. - Kvöldvinna**

**Kokk - Dag- og kvöldvinna**

**Starfsmann í útkeyrslu á eiginn bíl**

**Góð Laun í boði**

**Banthai**

**Uppl. 896 3536**

Grunnskólabörnin í Sarasato í Flóríða munu aldrei gleyma heimsókn George W. Bush Bandaríkjaforseta:

# Héldu að hann þyrfti að skreppa á salernið

**SARASOTA, AP** Allir Bandaríkjamenn muna hvar þeir voru staddir þann 11. september árið 2001, en saga nokkurra barna í grunnskóla í einu fátækasta hverfi borgarinnar Sarasato í Flóríða hefur þó tölverða sérstöðu.

George W. Bush forseti var staddur í kennslustofunni þeirra þegar hann fékk fréttir af því að önnur farþegaflugvél hefði flogið á Tvíburturnana í New York. Þegar hann gekk inn í stofuna klukkan níu vissi hann að fyrri flugvél hafði flogið á annan turninn fimmtíð mínútum áður.

Hann settist niður til að hlusta

á sjö og átta ára börn lesa upp úr barnabók. Tilgangur heimsóknarinnar var að setja af stað mikla lestrarherferð meðal grunnskólabarna í Bandaríkjum.

„Andlitið á honum varð bara rauðt,“ sagði Tyler Radkey, eitt barnanna í skólastofunni, um viðbrögð forsetans þegar Andrew Card starfsmannastjóri hvíslæði að honum að önnur flugvél hefði flogið á hinum turninn. Tyler litli hafði vitaskuld ekki hugmynd um hvað var að gerast, ekki frekar en hin börnini.

„Sjálfur hélt ég að hann þyrfti að fara á klósettið,“ sagði Tyler,

sem nú er orðinn þrettán ára.

„Það var eins og hann ætlaði að fara að gráta,“ sagði Natalia Jones-Pinkney, sem nú er tólf ára gömul.

Forsetinn sat áfram inni í kennslustofunni í sjö mínútur og hlustaði á Tyler, Nataliu og bekkjarsystkini þeirra lesa upp úr bókinni. Pessar sjö mínútur hafa orðið mörgum tilefni til þess að gagnrýna forsetann harðolega.

Klukkan hálf níu ávaraði Bush þjóðina í sjónvarpsútsendingu frá bókasafni skólans. Við hlíðina á honum stóð Michael Alexander, ungur drengur sem

nú er orðinn fimmtíð ára. Á myndum má sjá hversu ringlaður drengurinn var, enda átti hann von að því að forsetinn myndi tala um mikilvægi þess að lesa bækur, en þess í stað fór hann að tala um þjóðarharmleik og hryðjuverka-árás.

„Ég var að reyna að átta mig á því sem var að gerast,“ sagði Michael. „Pennan dag fór allt niður á við.“ - gb

**ANDY CARD HVÍSLAR SLÆMUM TÍÐINDUM AÐ BUSH** Börnin í skólastofunni vissu ekki hvaðan á þau stóð veðrið.

FRÉTTABLADID/AP

## HVAR VARSTU 11. SEPTEMBER 2001

### Sá turnana hrynya

„Ég var stödd í New York, og var á leið í skólanum sem er rétt við Brooklyn-brúna í Brooklyn. Á skólaþóðinni mætti ég strák sem sagði mér að flugvél hefði flogið á annan turninn. Ég fór ásamt bekkjarfélögum upp á þak og þar sáum við fyrri turninn hrynya.



SVAVA HRAFN-KELSDÓTTIR, MYNDLISTARKONA

Það tók okkur svoltlu stund að átta okkur að um hryðjuverk væri að ræða. Það greip um sig örvaðting á skólaþóðinni og ég hóf strax að hringja heim til Islands til að láta vita af mér en án árangurs.

Það kom mér óvart hversu vel strætisvagnakerfið virkaði. Bílstjórnarinn fengu þá skipun að koma fólk heim til sin. Þeir leiðbeindu hverjum farþega og það tók mig ekki nema eina og hálfa klukkustund að komast heim.

Það liðu hins vegar þrír dagar þar til ég vissi almennilega hvað var að gerast í heiminum þar sem allar sjónvarpsstöðvarnar höfðu dottið út.

### Var að koma úr söngtíma

„Ég var að koma heim úr söngtíma þegar mamma tók á móti mér í sjokki og sagði mér hvað væri að gerast. Hún var heima að passa son minn sem þá var nokkurra víkna gamali. Við sáum límdar við sjónvarpskjáinn það sem eftir lífði dags. Það var hræðilegt



SÓLVEIG SAM-ÚELSDÓTTIR SÖNGKONA

að horfa upp á þetta og mér fannst í fyrstu eins og þetta væri bara allt í plati. Daginn eftir áttaði ég mig fyrst á því að þetta hafði gerst í raun og veru. Ég sé pennan dag ljósifandí fyrir mér og man jafnvel hverju ég klæddist og hvað ég drakk.“

### Bændahöllin stóð undir nafni

„Ég sat að snæðingi á Hótel Sögu



HARALDUR JÓNSSON

ásam Kristinu Ómarsdóttur rithófundu þegar voðaverkin dundu yfir,“ segir Haraldur. „Kristín fékk skyndilega símtal frá bróður sínum sem greindir frá árássinni.“

Haraldur og Kristín fylgdu í kjölfarið með fréttaskýringarþætti CNN í sjónvarpinu á hótelinu. „Við urðum vitni að því þegar seinni flugvél klesssti á turninn, en því fylgdi ólysanleg tilfinning,“ útskýrir hann. „Salurinn fyltist af fólk, en öllum var ljóst að söguleg stand var upp runnin.“

Haraldur segir atburðinn hafa orðið til þess að hann fór að velta fyrir sér slagorði hótelins, „Hótel Saga - bín saga“, sem óðlaðist djúpstæða merkingu. „Gamla bændahöllin stóð loks undir nafni og óðlaðist nýjar, heimssögulegar viddir,“ segir hann.

-rve

## ISIO4 í dag: Fyrir heilsu morgundagsins



Nú er mest selda matarolian á Íslandi - ISIO4 einnig fáanleg með Extra Virgin Olífuoli, (með sömu næringarfræðilegu kostunum) fyrir þá sem kjósa milt og gott olifubragð.



gjordusvovel.is



gjordusvovel.is

Heilbrigði fjölskyldunnar veltur m.a. að jafnvægi sé í fæðuvali: kjöt og fiskur gefa protein, ávextir og grænmeti mikilvæg vítamín, mjólkurvörur kalk, og... jurtaolía - nokkuð sem allt of oft gleymist:

Lifsnaudsynlegu fitusýrurnar  
Omega-3 og Omega-6.

Lifsnaudsynlegar fitusýrur gegna veigamiklu hlutverki í að vernda heilsu fjölskyldunnar.

Omega-3 fitusýrur gegna veigamiklu heilsuverndarhlutverki og studla m.a. að heilbrigðu hjarta og æðakerfi.

Omega-6 fitusýrur hjálpa til við að lækka slæma kólestórlíð. Pessar lifsnaudsynlegu fitusýrur getur likaminn ekki framleitt og þarf því að fá þær úr fæðunni.

Einföld lausn er að nota ISIO4 mataroliuna, en 2 msk á dag gefa likamanum nægjanlegt magn af Omega-3 og Omega-6.

### ISIO4 - Virk formúla

Lesieur, fremsti mataroliuframleiðandi í Frakklandi, hefur með margra ára visindarannsóknunum þróað ISIO4 mataroliuna.

Sú einstaka formúla sem ISIO4 matarolian er, byggir á samvirki bestu eiginleika fjögurra ólikra olia; canola, Oleisol®-, sólblómá- og vinberjasteinaoliu.

\*Oleisol®: Albrigði af sólblómáliu sem hefur samþerilega flutningsumsetningu og olíuolia.

### Æskilegt hlutfall á milli einómettaðra og fjölómettaðra fitusýra: ISIO4

- Mjög láglt hlutfall af mettuðum fitusýrum - sem eru óæskilegar.
- Omega-3 og Omega-6, lifsnaudsynlegu fitusýrurnar, í æskilegu magni og hlutföllum.
- Náttúrulega mjög rík af E-vitamín sem vinnur gegn hrörunum.
- Með viðbættu D-vitamin sem geginn lykilhlutverki í að vernda beinheilsu okkar.




### ISIO4 í dag: Fyrir heilsu morgundagsins

Dagleg uppsprettu góðra kostu sem stuðlar að jafnvægi í mataraði en viðheldur um leið náttúrulegu bragði matarins. Hentug í alla almenna matreiðslu, steikingu, díjpsteikingu, dressingar og bakstur.



gjordusvovel.is



gjordusvovel.is

Uppskriftir og góð ráð um ISIO4 á gjordusvovel.is

11. september breytti heimsmyndinni.

## Við þurfum að taka afstöðu

**PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum ellefta september 2001 var það flestra tilfinning að heimurinn yrði ekki samur á eftir. Hálflum áratug síðar er það viðvarandi veruleiki en ekki bara tilfinning.

Mála sannast er að heimurinn býr við meira ööryggi en áður. Spenna milli menningarheima hefur aukist. Atburðir eins dags í tveimur stórborgum Bandaríkjanna hafa þannig snert allar þjóðir.

Glæpurinn var tvöfaldur í þeim skilningi að hann var framinn í nafni trúarbragða. Sagan geymir margan hörmungarlærðum um misnotkun trúarbragða í pólitískum tilgangi. Að því leyti gerðist ekkert nýtt.

Viðbrögðin hafa skiljanlega verið þverstæðukennd. Þannig hafa þau bæði vakið upp aukna tortryggini í garð islamstrúarmanna og jafnframt efti umræðu um að þeim þurfi að sýna meiri skilning í samfélagi þjóðanna.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur með ótrúlegum hætti tekist að snúa samúð þjóðanna yfir í vantrú á getu þeirra til þess að rísa undir því hlutverki að vera fylkingarbrjóst lýðræðispjóða. Mistökin með Íraksstríðið ráða uglaust mestu þar um.

Hér heima hjá okkur verður tæpast sagt að þessi ógnardagur hafi haft bein áhrif á daglegt líf. Trúarbragðasambúð er til að mynda ekki vandamál. Það er helst að við finnum fyrir afleiðingunum í auknu öryggiseftirliti í flughöfnum.

Betta þýðir þó ekki að við séum einhvers konar eyland í eftirleik þessa ógnardags. Við þurfum eins og aðrar þjóðir að taka afstöðu.

Í fyrsta lagi þurfum við bæði á heimavígstöðvum og í samfélagi þjóðanna að halda fast í grundvallargildi lýðræðis, tjáningsfrelsis og jafnréttis. Það er misskilningur að eftir gjöf í þeim efnunum geti hjálpað til við að draga úr spennu milli ólíkra menningarheima eða trúarbragða.

Í annan stað þurfum við rétt eins og aðrar þjóðir að ræða mállefnalega og af yfirvegun hvernig við mætum nýjum ógnum eins og hryðjuverkum. Þar mun alþjóðlegt löggreglum samstarf skipta sköpum.

En að sama skapi getum við ekki lokað augunum fyrir því að löggæslan þarf að vera í stakk búin til þess að geta sjálfstætt og upp á eigin spytur tekið þátt í erlendu samstarfi og unnið á heimavettvangi að þess háttar viðfangsefnum. Slík nútíma væðing löggæslunnar lýtur reyndar einnig að baráttunni gegn eiturlýfjaglæpum og mansali.

Hryðjuverk eru ögrun við frið og öryggi óbreyttra borgara. Þau eru ógrun við lýðræðið. Það er því ekki við hæfi að mæta þessum breyttu aðstæðum með kæruleysi eða pólitísku flissi.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ADSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefnásdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björk Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚ RITSTJÓRA: Björgvín Guðmundsson Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintakum og er dreift okeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þeitbýlisvæðum á suðvesturhornu. Einig er haegt að blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efniblaðsins í stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds.

### FRÁ DEGI TIL DAGS


#### Pólitík Andra Snæs

Margr vilja eigna sér Andra Snæ Magnason, höfund metsólbókarinnar Draumalandið. Frjálsþygjumenn láta vinstri mönnum hann ekki eftir og segja bókina í raun útskýra frjálsþygjuna betur en margt annað. Skortur á skýrum eignarétti, umsvifamikill ríkisrekstur og misvitri pólitíkusar séu góð uppskrift að hörmungum. Margur vinstri maðurinn telur samt að skáldið liggi nær þeim í skoðunum, en sjálfur segist Andri óflokkabundinn. Reynt var að fá hann í kosningastjórn VG fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar, hann er varamaður Samfylkingar í menningar- og ferðamálaráði og nú að reyna að sprýða hann við eitthver framboð næsta vor. En Andri Snær neitar. Hann hefur

nog að gera, enda orðinn góður kapitalisti.

#### Rokkað í ráðhúsi

Framganga Magna Ásgeirssonar í Rockstar-keppninni hefur haft viðtekar afleiðingar á íslenskt samfélag. Á föstuginn var haldin svokallað Rockstar-hátið í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem starfsmenn komu saman og gerðu sér glaðan dag. Aðstoðarmaður borgarstjóra, Jón Kristinn Snæhólm, var kynni kvöldins og stóð sig með þróði. Borgarstjórin sjálfur var erlendis og tök því ekki lagið, en hver deild sendi einn fulltrúa í keppnina. Og fulltrúi fjármálasviðsins fór með sigur af hólmi.



bjorgvin@frettabladid.is

## Blásið í Baugsmál



HALLGRÍMUR HELGASON

**I dag | Baugsrannsóknin**

Mánuðinn á undan hefðu þeir talið yfir 30 símtöl úr forsætiráðuneytinu í ríkislögreglustjóra.

Undirritaður hefur hlotið bágtr fyrir að blanda sér í bessa rímu. Þó er engin ástæða til að gefast upp. Grunur um misbeitingu stjórnvalda á lögreglu er og verður alltaf næg ástæða til að lyfta penna.

Senn er ár liðið frá því að Fréttablaðið birti Jóninupósta. Þar blasti við stjórnmálaleg tenging málsins. Samt höfðu birtingarnar engar afleiðingar. Engin rannsókn hefur farið fram. Alþingi hefur ekki snert á málinu. Og Fréttablaðið virðist hafa misst kjarkinn. Daginn sem birtingarbanni á Jóninúbréfum var loks létt skrifað ritstjórinna leiðara um afmæli fiskveiðilögsgunnar.

En nú þegar botninn er að detta úr umfangsmestu efnahagsbrotarannsókn sögunnar er kominn tími til að snúa dæminu við. Og rannsaka þá sem hrundu rannsókn af stað. Við getum ekki endlaust ytt óþægilegum hlutum undir hið fræga teppi og hlegið svo dátt að Dabba gamla í kósí sjónvarpsspjalli.

Vísbendingarnar eru til staðar og flestar þegar birtar. Jónína vildi Baugi illt og fór til Styrmis sem fékk Jón Steinar og Kjartan, bestu vini Davíðs, í lið með sér til að koma ríkislögreglustjóra, syni besta vinar síns, af stað gegn hinum mikla óvini. Kjartan hafði stuttu áður, ásamt nokkrum varðhundum gamla kerfisins, unnið sinn Phyrrosar-sigur á Baugsmönnum, eins og Agnes Bragadóttir lýsti í frægum greinaflokk. En sá innmúraði var enn að.

Hjá Ríkislögreglustjóra unnu

8-10 menn að Baugsmálinu í þrjú ár á meðan einn var hafður í malí olíufélaganna, þar sem höfuðpaur var einn af fyrirnefndum hundum og að auki eiginmaður í ríkisstjórn Davíðs. Hin örlogaríka innrás í Baug var sem kunnugt er gerð á röngum forsendum en á „réttum“ tíma; sama kvöld og skrifa áttí undir staðra samning Íslandssögunnar. Rétt eftir síðustu jól var þeim skilaboðum komið til undirritaðs að starfsmenn Símans hefðu ekki undrast innrásina: Mánuðinn á undan hefðu þeir talið yfir 30 símtöl úr forsætiráðuneytinu til ríkislögreglustjóra. Þá hafa gengið sögur um leynifundi besta vinar aðal, næstbesta vinar aðal og litla sonar besta vinar blaðal í sumarbústað bess fyrstnefnda. Þær sögur hafa jafnvel háttsettir ráðamenn staðfest í einkasamtölum.

Hér skortir þjóðfélagslegt þor. Hér eiga menn að stíga fram. Hér ættu til dæmis þingmenn að sýna gott fordæmi og segja okkur frá því hvenen Davíð fékk „Jón Gerhard“ fyrst á heilann og fyllti ganga Alþingis með því ágæta nafni.

Það þarf engan samfélagsrýni til að sjá það sem blasir við; að hér hafa stjórnvöld, með aðstoð

#### Greiður aðgangur

Sagt var frá því á þessum stað fyrir helgi að Vilhjálmur P. Vilhjálmsson borgarstjóri hefði skorið niður viðtalstíma sína þar sem almennir borgarar geta borið upp erindi sín milliliðalaust. Í kosningabaráttunni talað Vilhjálmur um að auka aðgengi íbúa að borgarstjóra. Meðal annars var stuðt við upplýsingar á heimasiðu Reykjavíkurborgar þar sem segir að viðtalstímar borgarstjóra séu milli klukkan 10 og 12 á miðvikudögum. En þessar upplýsingar voru rangar. Vilhjálmur hittir borgarana two morgna í viku, manudaga og miðvikudaga. Auk þess hittir hann fjölda fólkus utan þess tíma. Það er því hægt að segja að Vilhjálmur stendur við stóru örðin enda allt yfirbragð stjórnýslu borgarinnar alþýlegt.

bjorgvin@frettabladid.is

lögreglu, farið hamförum gegn fyrirtæki sem ekki var þeim póknaleg. Í kósíspjalli sínu talaði Davíð enn og aftur eins og dómsmálið væri hans prívatmál en ekki opinbert. Og ekki þarf að minna á herferð Björnssonar gegn „Baugsmiðlum“ og „Baugstjóindum“, manns sem á þó að heita dómsmálaráðherra í lýðræðisríki en ekki herforingi í lýðræðisríki, eins og hann hljómar á sínum harmþrungstu stundum.

Þó má vorkenna þeim félögum að stýra svo ónýtum her. Því enn bætir í skussahóppin.

Sigurður Tómas Magnússon átti kannski að vera traustur maður, verandi eftirmaður Jóns Steinars á kennarastóli hjá HR, en hann hafði aldrei sótt mál, hváð þá stórmál eins og Baugsmálið. Því fór sem fór. Maður sem kennir meðferð opinberra mála félj spjálfur á fyrsta prófi. Saksóknarinn hóf reyndar starf með yfirlýsingum um hlutleysi og fagmennum og sagðist m.a. myndu taku sér skrifstofu hjá ríkissáttasemjara. Hann sást þó aldrei þar heldur fannst eftir stutta leit í húsakynnum ríkislögreglustjóra. Undirforinginn var kominn á sinn stað í herdeildinni. Og síðan hefur hann haldd áfram að segja eitt en gera annað. Í Morgunblaðinu 10. ágúst kvaðst Sigurður Tómas vera að hugsa um að kæra forstjóra Baug í briðja sinn fyrir kaupin á 10-11. Þegar hann svo sendi frá sér tilkynningu um hið gagnstæða kom í ljós að það tölvuskjal var stofnað sama dag, 10. ágúst. Klaufragangurinn heldur áfram að segja eitt en gera annað.

Baugsmálið snýst ekki lengur um ákærur á hendur Baugsmönnum heldur um þá sem hófu leikinn. Misbeiting valdamanna á lögreglu er grafalvarlegt mál og stórhneyksli ef upp kemst.

Vísbendingar eru fyrir löngu orðnar of margar til að rannsaka

## Birgir Tjörvi á villigötum



STEFÁN SNÆVARR

**UMRÆÐA**

Markaðsfreli og bjargálñir

**B**irgir Tjörvi Pétursson geistist fram á ritvölliinn í fyrradag og ræddi þróunaraðstöð. Hann vitnir fjálglega í skýrslu einhvers Williams Easterly sem á að sanna að þróunaraðstöð sé af hinu illa. Markaðsfreli bjargi málunum, stuðli að efnahagsprórun fátækra ríkja.

Birgir Tjörvi finnst furðulegt að menn hafi ekki enn

séð þetta skrafa frjálsþygjuljóð,

af einhverjum dularfullum ástæðum trúi sumir enn því að frjáls markaður

se ekki leiðin til fullsælu fátækra ríkja.

Kannski er

ástæðan einfaldlega sú að veruleikinn er aðeins flóknari en finu frjálsþygjuljókönin. Pau hæfa best draumaheiði, ekki raunveruleikanum napra.

Jeffrey Sachs, sem tímarið Time telur áhrifamesta

hagfræðingur vorra tíma, telur þróunaraðstöð bráðnauðsynlega. Til dæmis geti vestræn ríki aðstoðað Afríku við að kveða niður malaarifaráldra en með því móti megi stórefla efnahaginn á þessum suðlægu slóðum.

Annar heimsfrægur hagfræðingur, nöbelhafinn

Amyarta Sen er ekki ykja

uppvæðraður yfir frjáls-

hyggjunnar.

Í Kerla-fylkinu

indverska séu mennta-

stöðir, skæddir og fæddir en annars staðar í þessu

mikla ríki og það

pótt kommúnistar sem fylkinu

stjórnna hafi komið þar á hálfssósalísku hagkerfi.

Annar nöbelhafni í hagfræði, Joseph Stiglitz, segir að chileanska tilraunin með frjálsþygju að hætti Chicago-skólastaði hafi misheppnast. Chile hafi fyrst farið að ganga vel efnahagslega þegar komið var að stýrðu markaðskerfi.

Bæta má við að slíkt blandað hagkerfi hefur reynst afarvel víða í þróunarríkjunum.

Í lok greinarinnar flytur Birgir Tjörvi hina sérlensku lofgerðarlaum um hinum frjálsá markað. Ekki eitt orð um að hagfræðingar á borð við Stiglitz segja að markaðurinn geti einfaldlega aldrrei orði fyllilega frjáls. Ekki eitt orð um Nýja-Sjáland en hagfræðingurinn John Kay segir að hin róttæka frjálsþygjutilraun Nýsjálendinga hafi stórskaðað efnahagslífið. Ekki eitt einasta orð um þá staðreyni að hagvöxtur var meiri á Vesturlöndum á tímaseiði ríkisafskipta (1945-1980) en á blómaskeiði frjálsþygjunnar. Ekki bofs um efnahags

# KALDIR DAGAR

15-20%  
AFSLÁTTUR  
AF KÆLI- OG  
FRYSTISKÁPUM

**B-SKÁPAR**

(Litið eða ekki útlitsgallaðir skápar og sýningareintök)

**SELDIR**

MED ALLT AÐ

**50%**  
**AFSLÆTTI**

Sjá nánar: [www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)

## ORMSSON

| LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800 |

| SMÁRALIND · Sími 530 2900 |

| AKUREYRI · Sími 461 5000 |

| KEFLAVÍK · Sími 421 1535 |

...og hjá  
**UMBOÐSMÖNNUM  
UM LAND ALLT**



# AEG

ÞETTA GERÐIST: 11. SEPTEMBER 1971

## Kommúnistaleiðtogi deyr

Á þessum degi árið 1971 lést Nikita Krúsjoff, fyrverandi formaður sovëska kommúnistafloksins. Krúsjoff fæddist í Rússlandi árið 1894. Snemma varð hann heillaður af boðskap kommúnismans en það var ekki fyrr en á fjórða áratugnum sem hann tók að klífa upp metorðastiginn í floknum. Þó kom hollusta hans við Stalín sér vel í hreinsunum miklu. Þótt hann forframaðist enn frekar að striðsárunum þótti ólíklegt að hann kæmsti til æðstu metorða eftir að húsbondi hans fell frá 1953, en mórgum að óvörum hafði hann tryggt sér völdin í floknum innan tveggja ára.

Krúsjoff boðaði mildari afstöðu gagnvart Bandaríkjum og breytingar frá stefnu Stalíns. Frægastur



er hann sjálfsagt fyrir „leyniræðuna“ árið 1956, þar sem hann fordæmdi Stalín og voðaverk hans. Hann var mikið í svíðsljósini á sjötta áratugnum og var fyrsti leiðtogi Sovétríkjanna til að heimsækja Bandaríkin árið 1960. Sama ár vakti hann líka athygli og kátnu margra þegar hann klæddi sig úr skónum og barði með honum í púltið í fundarsal SP eftir að hafa brotið fundarhamarinn. Þá lék Krúsjoff lykilhlutverk í Kúbadeilunni árið 1962 og þótt kjarnorkustríði hafi verið afstýrt missti hann stuðning heima fyrir og árið 1964 var hann settur af.

Krúsjoff lifði afskiptur og gleymdur það sem eftir var þar til hann lést af völdum hjartaáfalls 77 ára að aldri.

## MERKISATBURDIR

- 1755 Jarðskjálfti verður norðanlands. Flest hús á Húsavík hrynya.
- 1962 Ringo Starr spilar í fyrsta sinn í upptökum sem meðlimur í Bítlunum.
- 1976 Farþegaþota frá TWA, sem rænt var í innanlandsflugi í Bandaríkjunum, hefur tveggja stunda viðvöl á Keflavíkurflugvelli á leið til Parísar. Þar gáfust ræningjarnir, sem voru króatiskir, upp.
- 2001 Púsundir láta lífið þegar hryðjuverkamenn fljúga tveimur flugvélum á tvíbururnana í New York. Þróju vélinni er flögjó á Pentagon í Washington og sú fjórða hrarap til jarðar nálægt Pittsburgh.

# tímmot

timamot@frettabladid.is

## AFMÆLI

Kristinn R. Ólafsson í Madrid er 54 ára.



## ÚTFARIR

13.00 Þórunn Elisabet Björnsdóttir kaupkona, Blönduhlíð 29, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

13.30 María Rósa Jakobsdóttir, Eyrarvegi 9, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

## FÆDDUST PENNAN DAG

D.H. Lawrence ritihófundur 1885.

Ferdinand Marcos, fyrverandi forseti Filippseyja, 1917.

Brian DePalma kvíkmyndaleikstjóri 1940.

Moby, tónlistarmaður, 1965.

Harry Connick Jr. kvíkmyndaleikari með meiri, 1967.

Ludacris rappari 1977.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáleitursdákkinn hér til hlíðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja síma 550 5000.



## HELGA GUÐRÚN JOHNSON: HEILDSALAN Ó. JOHNSON &amp; KAABER HUNDRAÐ ÁRA

## Ætlum að vera að í að minnsta kosti hundrað ár í viðbót

Ó. Johnson & Kaaber fagnar hundrað ára afmæli sínu í ár en fyrirtækið er elsta heildsala landsins og hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi. Helga Guðrún Johnson er stjórnarformaður fyrirtækisins í dag en hún er afkomandi Ólafs P. Johnson sem stofnaði fyrirtækið árið 1906 ásamt Ludvig Kaaber.

„Möguleikinn á að hafa beint samband við aðrar þjóðir opnaðist árið 1906, þegar ritsíminn var tengdur og þá höfust Ólafur P. Johnson og Ludvig Kaaber handa við að kaupa inn matvörur og aðrar nauðsynjavörur fyrir landsmenn,“ segir Helga um upphaf og stofnun fyrirtækisins. „Ludvig Kaaber gerðist Landsbankastjóri árið 1918 og þurfti þá að selja sig út úr fyrirtækinu en það má segja að hann hafi tryggt það að fólk myndi eftir honum þar sem nafnið hans er enn í dag í nafni fyrirtækisins og á Kaaber-kaffinu líka.“

Fyrirtækið Ó. Johnson & Kaaber stofnaði kaffibrennslu árið 1924 en fyrirtækið hefur staðið í ymiss konar framleiðslu um árin þrátt fyrir að grunnurinn sé alltaf heildsala. Á tímabili var meðal annars framleiddar kaffibætar, sem var notaður til að drýgja kaffið en þótti ekki sérlega bragðgöður.

## Fjölskyldufyrirtæki

Sonur Ólafs P. Johnson, Friðbjófur tók við fyrirtækinu af föður sínum en Friðbjófur lést ungur að aldri og þá tók sonur hans við fyrirtækinu, Ólafur Ó. Johnson. Eftir hans dag hefur rekstur fyrirtækisins verið í höndum barna Ólafs; Friðbjófs, Ólafs og Helgu og hafa þau öll verið stjórnarformenn þess um einhvern tíma. „Það eru ekki mörg fyrirtæki á þessum vettvangi sem ná svo háum aldri. Í stað þess að lítta á fyrirtækið sem einhvern öldung, þá höfum við kosið að tileinka okkur orð Emily Dickinson: „Við verðum ekki eldri með árunum, heldur nýrr með hverjum deginum.“

## Frá skóreimum upp í bíla

Ó. Johnson & Kaaber hefur komið víða við á þessum hundrað árum og flutt inn allt frá skóreimum upp í bíla. „Hin síðari ár höfum við fært okkur meira til baka í dagvörðuna, sem er matvara og hreinlætisvörur sem við bæði flyttum inn og framleiðum og seljum um allt land,“ segir Helga og bætir við: „Það má segja að við séum að færa út kvíarnar um þessar mundir af því að fyrirtækið Sælkeradreifing var sameinað Ó. Johnson & Kaaber á dögnum og það er mjög stórr samningur. Annars er nú alltaf eitthvað að gerast.“

Helga segir viðskiptaumhverfið hafa breyst mikið á hundrað árum og heildsölur ekki með



**FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í HUNDRAÐ ÁR** Heildsalan Ó. Johnson & Kaaber fagnaði hundrað ára afmæli fyrir helgina. Helga Guðrún Johnson, stjórnarformaður fyrirtækisins, er hér með bræðrum sínum Friðbjófi og Ólafi. Þeir hafa líka gegnt stjórnarformennsku í fyrirtækinu.

sama sniði og þá. „Við höfum gert áherslubreytingar í gegnum tíðina og reynt að aðlagast breyttu umhverfi, enda ætlum við að vera við lýði í að

minnsta kosti í hundrað ár enn,“ segir Helga Guðrún Johnson, stjórnarformaður Ó. Johnson & Kaaber.

## 40 ára starfsafmæli hjá Báru

Bára Magnúsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Dansræktar JSB, fagnar um þessar mundir fjörutíu ára starfsafmæli sínu. Bára hefur rekið djassballettskóla og líkamsræktarstöð í fjóra áratugi.

Bára stundaði nám í Bretlandi. Hún hóf að kenna líkamsrækt jafnhliða djassballettkennslu eftir að hún kom heim frá námi. Starfsemi Báru hefur svo vaxið jafnt og þétt allar gótur síðan. Í gær var haldið veglegt opnumarteiti hjá Dansrækt JSB í Lágmúla þar sem því var fagnad að húsnæðið hefur verið stækkað um riflega helming og glæsileg lík-

amsræktaraðstaða fyrir konur á öllum aldri hefur verið innréttuð.

„Við vorum fyrir löngu búnar að sprengja gamla húsnæðið utan af okkur og það er mikið tilhlökkunar-efni að geta boðið viðskiptavinum okkar þá þjónustu sem þeir eiga svo sannarlega skilið,“ segir Bára sem er svo sannarlega ánægð með breyttingarnar. Hún slær meira að segja á léttu strengi: „Þótt okkar vinna snúist að miklu leyti um að halda vextinum í skefjum, þá var komin mikil þörf fyrir að bæta við aðstöðuna og því má segja að stundum sé líka bráðnauðsynlegt að stækka á réttu stöðunum.“



**BÁRA MAGNÚSDÓTTIR** Hefur rekið djassballettskóla og líkamsræktarstöð í fjóra áratugi. Hún fagnar starfsafmælinu með því að breyta og bæta húsnæðið í Lágmúla.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

SNERLUNUM SNÚÍÐ

Hurðarhúnar geta sett  
sterkan svip á heimilið

HÚS 2



# allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

## FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	7
Ás	24-26
Árborgir	6
Búi	31
Búseti	33
Holt Fasteignasala	28
Draumahús	19-22
Eignamiðlun Suðurn.	12
Egnastýring	27
Eignaval	23
Fast.félag Austurl.	29
Fasteignamarkaðurinn	11
Remax Mjódd	12, 32
Remax Lind	28
Hraunhamar	14
Húseign	13
Höfðabakki	10
Íslenskir aðalverktakar	5
Lundur	16
Lögmenn Suðurlandi	29
FMG	11
Neteign	8
Remax Búi	30
Stórborg	9



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn  
11. september, 254. dagur  
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegi Sólarlag
Reykjavík 6.38	13.24 20.09
Akureyri 6.20	13.09 19.56

Heimild: Almanak Háskólangs



Smáauglýsingasími  
**550 5000**

Auglýsingasími Allt  
**550 5880**

Þú getur pantað  
smáauglýsingar á visir.is

## Mikið endurnýjað hús í grónum garði

Hjá fasteignasölunni 101 Reykjavík er til sölu tveggja hæða einbýlishús við Efstasund, með bílskúr og aukaibúð í kjallara.

Komið er inn á efri hæð í forstofu með fata-hengi og flísum á gólf. Par er einnig rúmgott herbergi með parketi á gólf. Stofurnar tvær eru stórar og bjartar og parkettagðar. Eldhúsið er með endurnýjaðri innréttingu, tengi fyrir uppvottavél, flísum milli skápa og borðkrók. Flíesar eru á gólf. Parketlagt hjónaherbergi og flísalagt baðherbergi með baðkari og sturtuðstöðu er einnig á efri hæð. Frá holi er lúga upp í geymsluris sem er yfir allri íbúðinni.

Á neðri hæð er hol og tvö rúmgóð her-

bergi, allt parketlagt. Þar er líka rúmgott þvottahús og inn af því er rými með sturtuklefa og salerni. Frá forstofu er gengið inn í aukaibúðina. Þar er forstofa, svefnherbergi, flísalagt baðherbergi með sturtuklefa, stofa og borðstofa með parketi á gólf og eldhús með snyrtilegri innréttingu og flísum á gólf. Eldhúsið er opíð inn í stofu að nokkrum hluta.

Bílskúrin er með rafmagni, hita og sjálfvirkum opnara. Gardur í góðri rækt fylgir húsinu, hellulögð verönd með skjólveggjum og við enda bílskúrs er gróðurhús.

Eignin er skráð 181,9 fermetrar en samkvæmt teikningum er hún 220 fermetrar ásamt bílskúnum sem er 22 fermetrar. Ásætt verð er 45.900.000.



Enn má greina fækken um þinglýstum kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu og viðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Kaupsamningum fækkar enn

ÞINGLÝSTUM KAUPSAMNINGUM Í ÁGÚSTMÁNUÐI FÆKKAÐI UM 46,6 PRÓSENT MILLI ÁRA.

I ágúst var 415 kaupsamningum þinglýst við sýslumanns-embættin á höfuðborgarsvæðinu. Sé horft á sama mánuð árið 2005 samsvarar þetta fækken um 46,4 prósent en 774 samningum var þinglýst á sama tíma í fyrra. Heildarupphæð veltu nam tólf milljörðum króna en á milli ára er það samdráttur sem nemur 34,9 prósentum milli ára. Á höfuðborgarsvæðinu fækkaði kaupsamningum um 15,3 prósent frá júlí fram í ágúst.

Á landsbyggðinni varð einnig vart við lítilsháttar fækken á kaupsamningum. Á Akureyri var 33 kaupsamningum þinglýst með heildarveltu upp á 655 milljónir króna, Á Árborgarsvæðinu var 45 kaupsamningum þinglýst með heildarveltu upp á 877 milljónir króna og á Akranesi var 25 kaupsamningum þinglýst með heildarveltu upp á 513 milljónir.

Góð ástæða til að hanga heima



nýbýlavegi 18 | s. 517 2100

Mubla færir þér...  
Heim þægindanna  
- World of Comfort

Þýski húsgagnaframleiðandinn W.Schillig hannar og framleiðir einstaklega falleg og sterkt húsgögn sem uppfylla haestu gæðakröfur og svara um leið þórfum og óskum viðskiptavina.

Um leið og húsgögnin okkar flytja inn til þín fyllist heimilið af þægindum og fær nýjan blað. Heimur þægindanna færir þér hamingju.

Framleiðsla fyrirtækisins er virt um allan heim – og á alls staðar heima.

Rétt meðferð færir þér fimm ára ábyrgð.

mubla ||

**Stigar & Handrið**  
Vorum að fá loftastiga og beina stiga á lager

**INNIHURÐIR**  
Vandaðar hurðir með þéttlistum, sérstærðir eru ekkert vandamál. Slettar og fullninga

Fagmenska og ábyrgð eru fyrirrumi hjá okkur

**Mex - byggingavörur**  
Sími 567 1300 og 848 3215  
[www.brygginingavörur.com](http://www.brygginingavörur.com)

Afgreiðsla, grill. Sækjið um á [www.pitan.is](http://www.pitan.is)

**Hýsing - hurtownia**

„Hýsing“ - hurtownia towarów poszukuje pracowników do oznakowywania, liczenia i sortowania odzieży w obuwia. Godziny pracy od 8 - 16:30 oraz oferta pracy w nadgodzinach w najbliższym czasie.. „Hýsing“ wypłaca wynagrodzenie wyższe niż stawki VR, a także stosuje dodatkowo miesięczny system premiowania, który pozwala na podwyższenie zarobków za dobre wyniki pracy. Wymagana jest minimalna znajomość języka angielskiego w przypadku nieznajomosci języka islandzkiego.

Dokładniejszych informacji udziela Július Kristjánsson pod adresem Skútuvgi 9, 104 Reykjavík

**Hrói Höttur Kópavogi**

Símadómur óskast í vinnu á kvöldin og um helgar. Góð vinna með skóla. Einnig vantar okkur bílstjóra.

Upplýsingar í síma 695 3744 Eggert & 554 4444 Hrói Höttur

**Leikskólinn Kvistaborg í Fossvogi**

Okkur vantar starfsfólk sem fyrst. Starfið er gefandi og skemmtilegt en jafnfram fylgir því ábyrgð.

Vinsamlegast hringuðu í s. 553 0311 og fáðu upplýsingar hjá Helgu leikskólastjóra.

**Í þjónustuibúðir Dalbraut 21-27 vantar tímabundið starfsmann í þvottahús.**

Upplýsingar veitir Guðny Pálsdóttir í s. 411 2500.

**Veitingahúsið Nings leitar eftir vaktstjóra og afgreiðslufólk**

Leitum að hressu og skemmtilegu fólk í starf vaktstjóra og einnig fólk í afgreiðslu. Um er að raða vinnutíma frá 17-22 virk kvöld og helgar. Einnig vantar bílstjóra í dagvinnu. Ekki yngri en 18 ára.

Áhugasamir geta haft samþand i s. 822 8835 & 822 8840 eða á [www.nings.is](http://www.nings.is)

**Trésmiður eða laghentur maður óskast.**

Parf að vera vanur parketögnum og viðgerðum á inréttum.

Uppl. í s. 896 0323.

**Fyrirtæki - Starfsmannafélög - Félagsamtók**

Fjórhjólaferð í Haukadalsskógi  
Er afþreying sem allir hafa gaman af!

Allar uppl. á [www.atvtours.is](http://www.atvtours.is) eða í síma 892-4810 & 892-0566.



**HÓPEFLI**

## SMÁAUGLÝSINGAR

### Útivinná

Óska eftir að ráða vana menn í ýmis konar útivinnu, s.s hellulagnir, þöku-lagnir ofl. Uppl. f.s. 893 3504, Gisli.

### Hjólfarðaverkstæðið Barðinn

Röksa menn vantar á hjólfarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 eða á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

### Argentina Steikhús

Auglýsir eftir góðu ræstingarfólk. Vinnutími fr kl. 08:00-12:00. Uppl. í s. 660 6062, Ágústa.

Vegna forfalla vantar skólalíða í íþróttahús Fellaskóla. Um e að ráða baðvörslu drengja ofl. (vakavinna). Tímabundið starf seinni part dags og á kvöldin kemur til greina. Uppl. í s. 557 3800.

Stýrimann og matsvein vantar á tæp- lega 200 tonna neta- og dragnótarbá sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

### Atvinna óskast

Íspólska ráðningarábjónustan, ennþá í Pólland, býður pólska stafsmenn. Uppl. s. 0048 669587238 og ispol-ska@simnet.is. Ingibjörg Þorvaldsd.

### Viðskiptatækifæri

**Splunkunytt viðskipta- tækifæri**  
[www.splunkunytt.com](http://www.splunkunytt.com) Kíktu á mig!

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

Veitingastadir.is - upplýsingar um alla veitingastaði á Íslandi + þú getur unnið gjafabréf, með því að skrá þig á post-lista.

### Ymislegt

**Engar skuldur - Hærri tekjur**  
Skoðaðu Magnad.com og læraðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

### Einkamál



**Símaspjall 908 6666.**  
Halló ljúflingur! Símaspjall við ljúflings-konur. Við erum hérna nokkrar sem verðum alla helgina og njótum þess að fara í hressan símaleik og ljúfar stundir í rólegu spjalli. Við viljum vera vinkonur þínar.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Maður um 50 í góðu lagi óskar eftir ad kynnast konu á aldrinum 30-45 má vera af erlendu bergi brotin sem hefur áhuga á dýrum og útvist ekki verra ef að mynd fylgir svör sendist fréttablaðinu merkt 1905 eða malverk@visir.is

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Karlmaður óskar eftir að kynnast konu á aldrinum 45-60 ára. Svör sendist fbl. merkt „vinur“.

### ATVINNA



### Kvöldvinna

**Akureyri, Reykjavík og Reykjanesbær.**  
Vantar starfsfólk 16 ára og eldra til starfa milli kl. 17-22 við fjölbreytt verkefni á svíði inn og úthringibjönum. Góð laun í boði.  
Sendið okkur umsókn á [bm@bm.is](mailto:bm@bm.is), [petur@bm.is](mailto:petur@bm.is) eða upplýsingar í síma 590-8000/822-5057



### Reykjavíkurborg

Skipulags- og byggingsvið

## Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingslagla nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.

### Melavellir á Kjalarnesi.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir jörðina að Melavöllum á Kjalarnesi sem afmarkast af jörðunum Dalsmynni í norður, Melgerði í austur, Ártuni til suðurs og opnu svæði til vesturs.

Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði á Aðalskipulagi og eru innan svæðisins í dag þrjú samþyggð alifulglahús og íbúðarhús. Skipulagið gerir ráð fyrir að afmarkaðir séu nýir byggingsareitir innan ákveðinnar byggingsálfuna og verða byggings að vera innan byggingsareita. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Ármúli 1.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits sem afmarkast af Lágmúla, Háaleitisbraut, Ármúla og Hallarmúla, vegna lóðarinna að Ármúla 1.

Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að leyti verði að rífa númerandi byggingu samkv. gildandi skilmálum, fjögurra hæða bílageymsla verði reist á lóðinni og átta til níu hæða bygging bar ofan á, 1/3 hluti níundu hæðar verður inndreginn og myndar bakgarð. Breytingar á gatnamótum Ármúla og Háaleitisbraut eru einnig sýndar á uppdrætti og skal aðlaga lóðarmörk og frágang að þeim. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar ligga frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingsarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartún 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 11. sept. til og með 23. október 2006. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, [www.skipbygg.is](http://www.skipbygg.is). Eru þei sem telja sig eiga hagsmunu að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdu við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið [skipulag@rvk.is](mailto:skipulag@rvk.is), til skipulags- og byggingsarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 23. október 2006.

Þei sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykka tillöguna.

Reykjavík, 11. september 2006  
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

**allt tilboð**

Alla föstudaga

### framúrskarandi SÓLUFULLTRÚAR

### framúrskarandi ÁRANGUR

**www.remax.is**



Allar RE/MAX fasteignasörlur eru sjálfstætt reknar og í einka eign.

**www.remax.is**

**RE/MAX**

enginn í heimi selur fleiri fasteignir.



## Þetta gæti tekið tíma

Foto: SÍA

### Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup\*** lesa **40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25-49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

\*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006



**FRÉTTABLAÐIÐ**

- Mest lesið

## SKAKKI TURNINN Í PÍSA

Framkvæmdir við skakka turninn í Pisa hófust árið 1173. Upphafleg hönnun hans er eignuð arkitektinum Bonanno Pisano en þar sem ekki var lokið við að byggja turninn fyrir en um 200 árum síðar komu margir að byggingu hans. Turninn var fullbyggður árið 1372 en þar var bjölluhús hans klárað og hann gat gegnt upprunalegu hlutverki sínu sem bjöllurnum dómirkirkjunnar í Pisa.

Turninn tók að halla strax þegar byggingu þriðju hæðarinnar var lokið. Jarðvegsvinna og undurstöður turnsins eru langt frá því að vera nógú góðar og því hefur hallinn verið vandamál allt frá upphafi. Hallinn jókst enn frekar árið 1838 þegar gerður var gangstígur í kringum hann og enn frekar er Mussolini skipaði sínum mönnum að hella steypu í grunninn til að rétta hann við. Í síðari heimsstyrjöldinni var turninn notaður sem varðturn fyrir nasista en þrátt fyrir heimild ákváðu sveitir bandamanna á svæðinu að varpa ekki sprengju á turninn.

Turninn var réttur við að hluta til á árunum 1990-2000 og er nú sagður stöðugur, alla vega næstu 300 árin eða svo.



DRAUMAHÚSIÐ MITT SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR SÖNGKONA

## Stórt hús með mörgum þjónum

Sigríður Beinteinsdóttir segist vera afar sátt við það hús sem hún býr í núna, það sé hálfert draumahús. En í hinum fullkomna heimi þar sem peningar félú af himnum myndi hún vilja eiga stórt hús með öllu tilheyrandri. „Það yrðu fullt af herbergjum í húsinu, það yrði tækjasalur og sundlaug og bara allt sem manni dettur í hug.“ segir Sigga. „Og að sjálfsögðu yrði stúdió og gott æfingahúsnaði,“ bætir hún við.

Sigga er, eins og við flest, lítið fyrir að þrífa. Þess vegna yrðu þjónar að fylgja húsinu og sjá um öll leiðinlegri húsvarkin. Þeir myndu líka sjá um garðinn sem væri stór og myndarlegur, með mörgum beðum og fallegum trjám.


Eins og Íslendinga er síður vill Sigga hafa útsýni til allra átta. „Það væri fint að vera á stað þar sem maður sæi yfir borgina, til fjalla og til sjávar,“ segir Sigga sem ekki er tilbúin að færa húsið mjög langt frá höfuðborginni. Hún væri hins vegar til í að eiga önnur áþekk hús bæði á Spáni og í Noregi en þar er hún mikil þessa dagana vegna söngskóla síns.

Í lokin var Sigga spurð hvernig bíll myndi standa í innkeyrslunni. „Það væri bíllinn sem ég á núna, Land Rover Sport. Það er besti bíll sem ég hef nokkurn tímann átt,“ segir Sigga.



FRETTABLAÐID/TEITUR

## SELÐAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU\*



\*þingjýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisins.



Til að rýma fyrir nýju tónlistar- og ráðstefnuhúsi réðust vinnumélar að Faxaskálanum við Reykjavíkurhöfn nú fyrir helgi.

VATNIKAN

## Faxaskáli hverfur

Hafist var handa við að rífa niður Faxaskála nú fyrir helgi.

Faxaskálinn var rifinn niður á föstudaginn en skálinn burfti að víkja fyrir tónlistar- og ráðstefnuhúsinu sem ráðgert er að reisa þar. Faxaskáli var byggður á sjöunda áratugnum og var 16.200 fermetrar að stærð. Skálinn var notaður sem vörugeymsla fyrir inn- og og útflutning þar til sú starfsemi fluttist í Sundahöfn. Hluti af starfsemi Hafrannsóknarstofnunar fór fram í Faxaskálanum ásamt því að þar var til húsa stór fiskmarkaður sem hefur verið fluttur í Grandaskemmu í Vesturhöfninni.

# hülsa

## Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

Hülsa - þýsk eðalhúsgögn sem sameina gæði, smekkvísi og yfirburðahönnun undir einn hatt. Sjón er sögu ríkari.



### Útlán dragast saman

MINNKUN ÚTLÁNA FRÁ JÚLÍ UM 37 PRÓSENT.

Alls námu heildarútlán íbúðalálanjóðs 3,2 milljörðum króna í ágúst, en þar af telst 3,1 milljardur til almennra lána og 0,1 milljardur króna til leigufúðalána.


Útlán sjóðsins dragast saman frá fyrir mánuði sem kann að skýrast að hluta til vegna þess að umsvif í ágústmánuði kunna að minnka vegna sumarleyfa en samkvæmt frétt á heima-síðu sjóðsins virðast umsvif á fasteignamarkaði hafa minnkað almennt vegna breyttra markaðsástæðna.



VERSLUÐIN HEIMA ER FLUTT Í STÓRT OG GLÆSILEGT HÚSNÆÐI VIÐ SÍÐUMÚLA 30.

**heima**

síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242




[www.minnsirkus.is/sirkustv](http://www.minnsirkus.is/sirkustv)

**SIRKUS  
06/07**

**So YOU THINK YOU CAN DANCE**  
**Í KVÖLD KL 21:30**

Dansinn hefst á ný....


Frá framleiðendum American Idol kemur einn vinsælasti sjónvarpsþáttur Bandaríkjanna í sumar. Í So you think you can dance er leitað að besta dansara Bandaríkjanna.



**SIRKUS TV**

SIRKUSTV

90% HEIMILA NÁ SIRKUS TV Á ADSL KERFINU, BREIÐBANDINU, DIGITAL ÍSLAND EN EINNIG ER HÆGT AÐ NÁ SIRKUS TV MEÐ VENJULEGU UHF LOFTNETI



## STUÐ MILLI STRÍÐA Hvaðan kemur allt þetta fólk?

KRISTÍN EVA PÓRHALLSDÓTTIR HORFIR Á NÝJU HVERFIN



Höfuðborgarsvæðið blæs út og brýstnum bústnum barni sinum að sveita-sælunni. Staðir sem áður voru taldir vera lengst úti í rassagati, og bangað fór enginn, nema með varadekk í bílmön og matarbírgðir, eru nú orðnir að þétri íbúðabyggð. Hvert sinn sem ég ek framhjá þessari nýju byggð kemst ég þó aldrei hjá því að spryrja hvaðan allt fólk komi sem mun búa í þessum húsum. Svo oft hef ég heyrt þessa spurningu frá öruru fólkí pegasí pessi hverfi ber á góma að ég veit vel að allir hugsa það sama.

Margir eiga sér draum um að byggja eigið hús og allt lóðaframboðið hefur ýtt undir draumfarir þess fólkis og margir látið slag standa. Því veit ég svo sem hvaðan fólkí kemur sem mun fylla nýja húsin, en ég veit ekki hvort það sé nóg að fólk til að fylla húsin sem standa munu eftir. Aldrei nokkurn tímann hef ég heyrt talað um húsnæðisskort sem alvarlegt vanda-mál hér á landi, þó nögu oft hafi verið kvartað undan lóðaskorti og enn oftar undan fámennum.

Sennilega kemur það sér nokku-ud vel hversu hjónaskilaðir eru algengir hérlandis og barneignir tíðar. Sem þýðir að það eru ófá börnin sem eiga herbergi í tveimur húsum. Hver veit nema í framtíði-

inni muni hver fjölskyldumeðlimur eiga sína eigin íbúð, rétt eins og bíl. Þá mun aldrei koma til rifrildis um hver ætti að taka til og enginn byrfti að taka tillit til annarra.

En tóm hús og íbúðir þarf að fylla af fólk, þó að viss ljóðræna og dularfull fugurð geti falist í hugmyndinni um tómu húsin. Það er hins vegar spurning hversu mikil vandamál það er fyrir fólkíð sem er að selja. Af því að fólk sem hefur mestar áhyggjur af því hvernig draumahúsíð eiga að snúa eða hvaða lit eigi að velja að eldhús-innréttigungu getur ekki átt við raunveruleg vandamál að stríða. Og getur því væntanlega með tím-anum svarað spurningunni um hvaðan allt þetta fólk kemur.


### myndasögur

#### Pondus



Eftir Frode Øverli

#### Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

#### Handan við hornið




Eftir Tony Lopes

#### Kjölturakkar



Eftir Patrick McDonnell

#### Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

## ENSKA ÚRVALSDEILDIN Á DIGITAL ÍSLANDI FRÁ 15. SEPTEMBER

85% íslenskra heimila ná  
útsendingum Digital Íslands.

Með örbylgjukerfi Digital Íslands næroðu fimm stöðvum hjá Skjá sporti, en með UHF kerfi nást þrjár stöðvar. Fáðu þér áskrift í síma 800 7000.



digital island

# RAFMAGNSRÚM



## DNS-svenfkerfið.

Nú á verði sem þú hefur ekki séð áður.



**Besta svefnkerfið** samkvæmt samanburðarrannsóknum. Svæðaskiptur stífléiki, fjaðureiningar með minni.




**Svefn DNA.** Ert þú með þitt á hreinu? Allir hafa sitt sérstaka svefn DNA, engir tveir eru eins.



Fjaðirimnar eru stilltar eftir þínu svefn DNA.

## Kynetic frábær nýjung.



## Hvers vegna Kynetic?

- Niðsterk álgrind með byltingarkenndu PBS fjaðrakerfi.
- Sjálfvirk þrýstijöfnun líkamans fyrir tilstilli PBS fjaðrakerfis.
- Mikil fjöldrunardýpt léttir þunga af öxlum og réttir úr hryggsúlu.
- Rafstíllt eða án sleðafærslu.
- Hægt að fella inn í flestar rúmgrindur.
- Má nota með mismunandi dýnum, allt eftir óskum hvers og eins
- Hægt að fá með nuddi.
- Hægt að fá með innrauðri fjarstýringu.



**SEPTEMBER -  
TILBOÐ!**

*EKKI MISSA AF  
ÞESSU TÆKIFÆRI.*



## Blucomfort

Traust og gott rafmangsrúm.

Nú á verði frá **kr. 89.900** (80 x 200 cm).

Rétt stilling á rúmi og vandlega valin dýna skiptir meginmáli.

Engir tveir eru eins. Með því að stilla rúmbotninn rétt og velja rúmdýnu við hæfi næst hámarks slökun og næturhvíld.

Clearest áklæðið vinnur gegn bakteríum, rykmaurum og sveppamyndun. Dýnuverið má taka af og þvo við 60°.



**PBS** Pressure Balance system er byltingarkennt gagnvirkt kerfi þar sem allar fjaðrir rúmbotnsins eru samvirkar. Þegar einni fjaðraeiningu er þrýst niður lyftist næsta fjoður upp og bannig koll af kolli þar til allar fjaðrir þrýsta jafnt á líkamann. Á þennan hátt fær líkaminn einstaka þrýstijöfnun.



Frábært úrval af heilsukoddum, dúnssængum og gjafavöru á **15%** afslætti



Opið virka daga: 10-18 og laugardaga 11-16

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

**Kl. 9.00**

*Haustsýning Listvinafélags Hallgrímskirkju á myndverkum Haflida Hallgrímssonar er í forkirkju Hallgrímskirkju. Þetta er önnur sýning Haflida í Hallgrímskirkju og sýnir hann tólf verk með trúarlegu ívafi.*

**menning**

menning@frettabladid.is

**Listrænt tölvuprent**

Um síðustu helgi var opnuð sýning í Hoffmannsgallerí við Hringbraut sem ber heitið „Tölvuprentið tekið út“ en hún er samstarfsverkefni Myndlistarskólastans í Reykjavík og ReykjavíkurAkademíunnar.

Tölvuprent sem tækni og miðill hefur nú um langan tíma verið mikil notað í iðnaði og fjölmáluun ymiss konar. Sem tæki til myndlistar er það löngr hætt að vekja athugi sem slíkt. Hingað til hefur þó lítl sem engin úttekt

Tölvuprenti sem tækni og miðill hefur nú um langan tíma verið mikil notað í iðnaði og fjölmáluun ymiss konar. Sem tæki til myndlistar er það löngr hætt að vekja athugi sem slíkt. Hingað til hefur þó lítl sem engin úttekt



KRISTINN G. HARÐARSSON Sýningarstjóri Hoffmannsgallerí rekur smiðshöggið á sýninguna.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

á tölvuprenti sem listmiðli. Meðal þáttakenda í sýningunni eru Ásmundur Ámundsson, Hallgrímur Helgason, Helgi Þórsson og Þórunn Eva Halldóttir.

Sýningin er jafnframt þáttur í röð sýninga þar sem ákvæðir miðlar verða teknir fyrir og hlutverk þeirra í samtímanum kannað þar sem þeirri spurningu verður velt upp hvort einstakir miðlar, efni, aðferðir og eiginleikar

þeirra hafi í nútímanum eithvert sérstakt gildi í sjálfu sér.

Hoffmannsgallerí er til húsa á fjórðu hæð í húsnæði ReyjavíkurAkademíunnar að Hringbraut 121 en þar er opíð milli 9-17 alla virka daga.

## &gt;Ekki missa af...

leikritinu **Sumardegi** eftir **Jon Fosse** sem sýnt er á **Smíðaverkstaði** Þjóðleikhússins. Leikstjóri er Egill Heiðar Anton Pálsson.

fræðandi og skemmtilegri sýningu um íslenska **brúð-kaupssiði** sem nú standur yfir í **Minjasafni Akureyrar**. Sýningin er opin milli 10-17 alla daga en henni lýkur 15. september.

heimsókn hins heimsfræga **Wuppertal-dansleikhúss** undir stjórn **Pinu Bausch**. Fjórar sýningar á verkinu **Aqua** verða í Borgarleikhúsini, sú fyrsta þann 17. október.

**brottinámið í kvæðhabúnum**  
w. a. mezaat

BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart  
Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20  
2. sýn. sun. 1. okt. kl. 20 - 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 - 4. sýn. sun. 8. okt. kl. 20  
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20  
**Kynning fyrir sýningu í boði Vinafelags íslensku óperunnar kl. 19.15**  
Námskeið um Mozart og Brotttnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 - endurmenntun@hi.is  
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200  
Miðasala er opin alla daga nema mánuðaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 priðjudaga - fóstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

**GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!****RONJA RÆNINGJADÓTTIR**

Sun 24/9 kl. 14 Lau 30/9 kl. 14  
Sun 1/10 kl. 14 Sun 8/10 kl. 14

**PINA BAUSCH**

LOKSINS Á ÍSLAND!!  
Dansleikhús Íslenskum verður með 4 sýningar á verkinu Aqua í Borgarleikhúsini.

**VILTU FINNA MILLJÓN?**

Sun 24/9 kl. 20 Lau 30/9 kl. 20  
Fös 6/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20

**FOOTLOOSE**

Fös 22/9 kl. 20 Lau 23/9 kl. 20  
Fim 28/9 kl. 20 Fös 29/9 kl. 20

**ALLIR Í LEIKHÚSIÐ**

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd með forráðamönnum. Nánari uppl. á www.borgarleikhkus.is

**ÞAÐ BORGAR SIG AÐ GERAST ÁSKRIFANDI**

Áskrifarkort á 5 sýningar á 9.900. Þeir sem gerast áskrifendur fyrir 20.sept. fá gjafakort í Borgarleikhúsið í kaupbæti.

Nánari uppl. á www.borgarleikhkus.is

**MEIN KAMPF**

Lau 23/9 frumsýning UPPS.  
Mið 27/9 kl. 20  
Fös 29/9 kl. 20  
MIDASALA HAFIN.

**ÁSKRIFTARKORT**

Endurnýjun áskrifarkorta standur yfir!  
Mein Kampf e. George Taber  
Amadeus e. Peter Shaffer  
Fagra veröld e. Anthony Neilson  
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson  
Söngleikurinn Gretter e. Ólaf Hauk Simonsen, Þórarinn Eldjarn og Egil Olafsson.  
Lík í óskilum e. Anthony Neilson  
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren  
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.  
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson  
Íslenski dansflokkurinn  
og margt, margt fleira.

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

Miðasala 568 8000  
www.borgarleikhkus.is

**Alþjóðlegur Regnbogakór**

Nýlega var hleypt af stokkunum nýjum kvennakór á höfuðborgarsvæðinu sem er sérstaklega ætlaður söngglöðum konum af erlendum uppruna. Kórið hefur fengið viðeigandi nafn og er kenndur við regnbogann.

Kórstjóriinn Natalía Chow útskýrir að starfið sé ætlað bæði konum af erlendum uppruna sem búsettar séu hér á landi en einnig íslenskum konum sem hafa verið búsettar erlendis og vilja taka þátt í alþjóðlegu listastarfi. „Íslenskar konur eru að sjálfssögðu velkomnar líka,“ segir Natalía því söngurinn sameinar alla. Kórið ber alþjóðlegt nafn og heitir The Rainbow Womens Choir of Iceland.

„Við ætlu að syngja alls konar tónlist og á mörgum tungumálum, íslensk lög verða bara hluti af dagaskránni. I kórum verða meðal annars konur frá Afríku, Þýskalandi og Sri Lanka og við munum syngja þjóðlög. Fólk er líka frjálst að koma með lög til okkar og við útsetjum þau fyrir kórið.“ Kórið er opinn öllum konum sem finnast gaman að syngja en á æfingum verður líka kennið öndun og raddbeiting til þess að kalla fram það besta í hverjum og einum. Stefnt er að því að konurnar komi fram í þjóðbúningum landa sínum á tónleikum.

„Við erum meira að segja komin með verkefni,“ segir Natalía, „þrátt fyrir að kórið sé varla kominn af stað en við höfum verið beðnar syngja inn á geisladisk í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu sem verður haldin á næstunni.“

Natalía er hámenntuð í tónlist en hún lauk MA-prófi frá háskólanum í Reading á Bretlandi og kantorsprófi frá Tónlistarskóla Þjóðkirkjunnar auk þess að leggja þar stund á söng. Hún er á fullu í



Á FULLU Í KÓRSTARFI OG HEFUR NÚ STOFNAD ALÞJÓÐLEGAN KVENNAKÓR Natalía Chow ásamt dóttur sinni Ósk Hoi Ning Helgadóttur.

kórástarfi en hún stofnaði til að mynda bæði Karla- og Kvennakór Kópavogs og Englakórrinn sem ætlaður er yngstu söngfuglunum. Hún er jafnframt organisti og kórstjóri í Ytri-Njarðvíkurkirkju.

Vel var mætt á fyrsta stofnun

fund kórsins sem haldinn var í Alþjóðahúsinu í síðustu viku og

verða æfingar haldnar á miðvikudagskvöldum í Breiðholtskóla í vetrur. Natalía hvetur eigi að síður allar áhugasamar konur til þess að hafa samband og skrá sig. Hægt er að senda línu á netföngin nataliachow89@msn.com eða gerdur@ahus.is eða í síma 699-4613.

kristrun@frettabladid.is

**„ÁHORFENDUR VELTUST HI**

# Trier lokar kvikmyndahátíð

Direktören for det hele, nýjasta mynd danska leikstjórans Lars Von Trier verður frumsýnd hér á landi með pomp og prakt á undan lokahófi og verðlaunaafhendingu Alþjöðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík 7. október. Má með sanni segja að myndin komi sjóðheit frá Danmörku, því sýningin hér á landi verður ónnur sýning hennar á eftir frumsýningunni í heimalandinu.

Í kvikmyndinni Direktören for det hele er Trier sagður á öðrum slíðum en vanalega því hún er hreinræktuð gamanmynd. Þar segir frá eiganda upplýsingatækniþrirtækis sem vill selja starfsemina. Það kemur honum hins vegar í koll að þegar hann



**TRIER Í CANNES** Lars Von Trier vann gullpámann í Cannes fyrir Dancer in the Dark á sínum tíma.

stofnaði fyrirtækið bjó hann til gerviforstjóra, sem tók ábyrgð á öllum óvinsælum ákvörðunum og neyðist eigandinn því til að ráða leikara í hlutverk forstjórans með

ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Friðrik Þór Friðriksson og Benedikt Erlingsson leika stórá hlutverk í myndinni en sumir vilja meina að myndin sé táknað frásógn af innrás íslenskra kaupsýslumanna í danskt samfélag,

Trier hefur undanfarin ár einbeitt sér að þrileik sem beinir sjónum að bandarísku samfélagi; hann hefur þegar lokið við Dogville og Manderlay og á næsta ári lokar hann þrileiknum með Washington.

Lars Von Trier er einn umtalaðasti og umdeildasti kvikmyndagerðarmaður Dana; enn af forvígismönnum dogma-stefnunnar svokölluðu. Af hans pekkstu myndum má nefna Breaking the Waves og Dancer in the Dark. - bs

## Heillandi sögur frá París

### [ KVIKMYNDIR ]

#### UMFÖLLUN

Það skemmtilegasta við kvikmyndahátíðir er að fara á myndir án þess að vita mikil um þær og vera algjörlega óviðbúinn því að þær töfri mann upp úr skónum. Ég skellti mér á Paris Je T'aime með nánast engar væntingar en það virðist jú vera besta uppskriftin að góðri bíóferð.

Myndin samanstendur af átján smásögum sem hver og ein er fimm mínútur að lengd og er þeim leikstýrt af jafn mörgum mismunandi leikstjórum. Formið minnti mig helst á hina dásamlegu Coffee and Cigarettes og þessi var ekki síður skemmtileg. Eina uppskriftin sem leikstjóarnir virðast hafa fengið hér var að skapa ástarsögu sem gerðist í París. Það besta við myndina er að þratt fyrir þessa klisjulegu uppskrift þá nær hún að verða frumleg, gáfuleg og laus við öll leiðindi og heimskulegheit sem oft fylgja ástarsögum og auðvít að sérstaklega þeim frá Hollywood.

Parna eru leikstjórar eins og Coen-bræðurnir, Gus Van Sant, Wes Craven, Walter Salles, Olivier Assayas og fleiri. Úrvalið af góðum þekktum leikurum er alls ekki verra og er þarna að finna stjórnur eins og Natalie Portman, Nick Nolte, Maggie Gyllenhaal, Elijah Wood, Marianne Faithful og Steve Buscemi.

Besta stuttmyndin pótti mér sú sem fjallaði um ástarsamband ungrar leikkonu (leikin af Natalie Portman) og blinds drengs en leikstjóri þeirrar myndar er Tom Tykwer. Mér fannst sú mynd svo ótrúlega falleg og skemmtileg að ég varð hálfpirruð yfir að vera í bíosal og geta ekki spólað til baka og horft aftur. Einnig pótti mér eftirminnileg atriði um ástarsamband tveggja látbragðsleikara, annað um bandarísku konu sem segir frá för sinni til Frakklands



**PARIS JE TAIME**

LEIKSTJÓRAR: COEN-BRÆÐUR, WES CRAVEN, WALTER SALLES OFL. ÁÐALLEIKARAR: NATALIE PORTMAN, STEVE BUSCEMI, MARIANNE FAITHFUL OG ELIJAH WOOD.

**Niðurstaða:** Þetta er samsafn af átján ástarsögum úr París sem jafnmarígr mismunandi leikstjórar ljá sinn persónulega stíl. Í heildina litð er myndin þrælskemmtileg og óhákvæmilega mjög fjölbreytt og því ætti engum að leiðast.

á klaufalegri frönsku eins og hún sé að skila stíl í frönskutima og að sjálfsögðu var atriði Coen-bræðra með Steve Buscemi í aðalhlutverki algjörlega frábært.

Stuttmyndirnar tuttugu taká á ástinni á afar mismunandi hátt. Hvort sem það er ást elskenda, tveggja vina, móður og afkvæmis eða jafnvel ást túrista á borginni. Myndskeiðin eru svo eins mismunandi og pau eru mörg, sum hrikalega sorgleg og önnur bráðfyndin og varla er möguleiki á að nokkrum áhorfanda leiðist lengur en í þær fimm mínutur sem tekur hvert atriði að klárást.

Borghildur Gunnarsdóttir



**MEDAN ALLT LÉK Í LYNDI** Bók James Frey vakti gifurlega athygli um allan heim en hinn suksami ólánsbelgur reyndist síðan fullur af lofti.

## Fyrir dómi

Lesendur meinstrar harmsögu bandarískra rithöfundarins James Frey, A Million Little Pieces, eiga mögulega rétt á endurgreiðslu andviroi bókarinnar því útgáfufyrirtæki hennar, Random House, hefur samið í skaðabótamáli sem höfðað var gegn forlaginu.

Fyrir á árinu komst upp um svik Frey sem seldi háðramatiska bátsögu sína sem sjálfssævisögulega frásógn sem reyndist síðan vera uppspuni og ýkjur. Fréttavefur Yahoo greinir frá því að málið hafi þegar vakið áhyggjur bandarískra rithöfundasbandsins Authors Guild og hefur eftir Paul Alken, framkvæmdastjóra þess, að þratt fyrir að málið muni vart setja fóðræmi fyrir frekari málshöfðun gegn rithöfundum sé kurr í her búðum þeirra.

Haft er eftir ónafngreindri heimild fréttastofunnar AP að Random House verði gert að greiða 2,35 milljónir dala í skaðabætur en málinu er þó ekki lokið. Hvorki útgáfufélagið né Frey hafa viðurkennt neina sölk í málinu en lögfræðingur forlagsins segir að þratt fyrir að málið byggi á veikum grunni sé það hagur fyrirtækisins að semja fremur en að hætta á frekari málarekstur. Frey hefur einnig viðurkennt rangfærslur í seinni ævisögu sinni My Friend Leonard sem kom úr hjá Riverhead Books og hefur forlagið látið hann flakka.

Bók Frey kom út á íslensku fyrir á árinu og ber íslenska titillinn Mölbrotinn. Ólklegt má telja að þessi málarekstur muni hafa nokkur áhrif hér á landi. - khh

Cintamani kynningar  
CINTAMANI

ICELAND FILM FESTIVAL 2006  
Í Háskólabíói og Regnboga 30. ágúst - 21. september

„Erlar þetta lið í alvörunni að láta mig horfa allsberan á mynd með Penelope Cruz?“  
- JÓKULL

Iceland Film Festival  
www.iceandfilmfestival.is

ICELANDAIR IH FRÉTTABLAÐID Tanqueray ROCK



afgangar

**AFGANGAR**  
Fim. 14. sept. kl. 21.00 **Örfá sæti laus**  
Fös. 15. sept. kl. 21.00 **Örfá sæti laus**  
Fim. 21. sept. kl. 21.00

**HAFIÐ BLÁA** Fókk áhorfendaverðlaun grímunar 2006.  
Sun. 17. sept. kl. 13.30 **sæti laus**

**DREKASKÓGUR**  
Lau. 16. sept. kl. 14.00 miðaverð kr. 800 **sæti laus**

Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ fyrir alla!**

**STÓRA SVÍÐIÐ KL. 20:00**  
ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórssdóttir/Svövu Jakobsdóttur.  
Sun. 17/9 örfá sæti laus, fös. 22/9. lau. 23/9. **Aðeins fáar sýningar í haust.**

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter.  
Sun. 24/9 kl. 21:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 21:00. **Aðeins fáar sýningar í haust.**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnú Helgadóttur. Leikg. Illugi Jökulsson.  
Frumsýning fös. 29/9 kl. 20:00 **uppselt**, lau. 30/9 kl. 14:00 örfá sæti laus.

**KASSINN KL. 20:00**  
PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikg. Baltasar Kormákur.  
Fös. 15/9 **uppselt**, lau. 16/9 **uppselt**, sun. 17/9 **uppselt**, fim. 21/9 örfá sæti laus, fös. 22/9 örfá sæti laus, lau. 23/9 **uppselt**, lau. 30/9 **uppselt**.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**  
SUMARDAGUR eftir Jon Fosse.  
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9, fim. 21/9, sun. 24/9.


KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!  
MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIDSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.-PRI. ADRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200, SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

REINLEGA UM ÚR HLÁTRI.“

VILTU FINNA MILLJÓN  
EFTIR RAY COONEY

BLADIÐ.

BORGARLEIKHÚSIÐ



## Klikkað karnival á Klapparstíg

Það var mikil stemning á Klapparstínum á laugardagskvöldið. Þá hélt Jón Atli Helgason hárgeiðslumaður og fleiri með honum alvöru karnival þar sem hugmyndin var að kreista síðustu dropana úr sumarstemmingunni í djammlífi miðborgarinnar.

Það virðist hafa tekist bærið hjá aðstandendum hátfíðarinnar eins og sést á meðfylgjandi myndum.



LAGT Á RÁÐIN Þessi tvö voru í hrókasamræðum.

## Fór næstum að gráta

Mamma Toms Cruise fór að gráta í myndatökunni fyrir forsíðu Vanity Fair sem kom út í síðustu Myndaviku. Eins og kunnugt er Vanity Fair var tilfinningaþrungin stund.

Blaðakonan Jane Sarkin segir að myndatakan hafi verið tilfinningaþrungin stund. „Mamma Toms horfði á barnabarni sitt og tilvondi tengdadóttur og fór að gráta. Fljótt urðum við öll mjög meyr og ég sá að Tom bardist við að halda aftur af tárunum.“

KATIE OG TOM Myndaviku. Eins og kunnugt er Vanity Fair var tilfinningaþrungin stund.

## Moss enn fáklædd

Breski leikstjórið Mike Figgis er ánægður með frammistöðu ofurfyrirsætunni Kate Moss í æsandi röð stuttmynda sem gerðar voru fyrir undirfataframeiðandann Agent Provocateur. Í stuttmyndum, sem heita Draumar ungfrúr X, sprangar Moss um í kynæsandi undirfötum einum klæda.

Hermt er að hún komi svo fram allsnakin í þróju og síðustu myndinni. Leikstjórið Figgis segir að Kate Moss hafi meira



ahyggjur af breskum hreimi sínum við upptökurnar en að striplast fyrir framan myndavélarnar. „Hún var eitthvað óörugg með röddina sína, en það var óþarfí því hún er með fína rödd,“ segir Figgis.

**KATE MOSS** Spókar sig í kynæsandi undirfötum í nýjum stuttmyndum, og fer svo úr öllum fótum að lokum.

Illugi Magnússon, plötusnúður og tónlistarmaður, sem vinnur og gengur undir nafninu DJ Platura kemur frá Bandaríkjunum þann 4. október til Íslands til að spila á hér á landi. Hann mun einnig spila á Iceland Airwaves-hátförinni annað árið í röð.

Í petta sinn mun Illugi koma fram víða á höfuðborgarsvæðinu en síðan heldur hann til Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar.

Illugi er þritugur Íslendingur sem býr í Kaliforníu og hefur gert í 23 ár. Illugi spilar aðallega „underground“ hiphop og reggí, soul, fönk, djass og „eighties“-tónlist en hans sérlaða er sú að blanda saman tónlist frá mismunandi tíma-bilum.

Illugi hefur gert það nokkuð gott í heimi plötusnúða og sigraði meðal annars í risastórrri plötusnúða keppni í Bandaríkjunum. Hann er hluti af plötusnúðadúett sem kallað sig Oakland Faders og hafa þeir gefið út smáskífum í um 500.000 ein-tökum í Bandaríkjunum. Vikutímaritið East bay Express valdi Illuga besta plötusnúð Norður-Kaliforníu og hefur fengið nokkra umfjöllun í fleiri tímaritum.

Peir þekktustu sem hann hefur spilað með eru KRS-1, Mix Master Mike úr Beastie Boys, Dj Premier, meðlimir úr The Roots og Pete Rock.

**ILLUGI MAGNÚSSON** Plötusnúðurinn Illugi Magnússon spilar hér á landi í næsta mánuði.



## Gervais stríðir Martin

Breski grínarinn Ricky Gervais gerir mikið grín að Chris Martin, söngvara Coldplay, í nýri þáttaröð að Extras. Martin leikur sjálfan sig í einum Extras-þætti og persóna sem Gervais leikur tekur viðtal við söngvarann góðhjart-áða.

„Þú ert hrifinn af fötum sem framleidd eru í þróðja heims löndum vegna þess að þau eru ódýr. Hvort eru meira fyrir kínversk eða indversk fót?“ er ein af spurningum sem Martin fær. Gervais gefur söngvaranum svo ekkert tækifæri til að svara fyrir sig.

Eins og kunnugt er skírði Martin dóttur sína Apple fyrir nokkrum árum. Gervais lýkur viðtalini með því að halda því fram að barnið hafi verið skírt eftir samnefndu tölvufyrirtæki og spryr Martin hversu mikla peninga hann hafi fengið fyrir það.

**CHRIS MARTIN**  
Tekinn fyrir í þætti Gervais.

## Grant áritar nærbuxur

Leikarinn Hugh Grant hefur áritað frægar nærbuxur sem Renee Zellweger klæddist í myndunum um Bridget Jones. Áætlað er að bjóða nærbuxurnar upp til styrktar Konungs-görðunum í London, en þær voru fjölmög atriði í Flottur að vanda. Seinni mynd-

inni um Bridget tekin upp. Uppboðið fer fram á morgun og er stefnt að því að safna um 13 milljónum króna alls.

**HUGH GRANT**  
Hugh Grant.

RENEE ZELLWEGER  
í hlutverki  
Bridget  
Jones.

**SÁLIN**  
hans Jóns míns

ÁSAMT  
**GOSPELKÓR REYKJAVÍKUR**  
Stórtónleikar Laugardalshöll 15. september

Edgar Smári & Ómar Guðjóns hita upp

Einstök og ógleymanleg kvöldstund!

Sálin flytur sérvalin lög úr söngvasafni sínu með fulltingi aðstoðarhljóð-færileikara. Lögin eru útsett sérstaklega með hliðsjón af hinum rómaða Gospelkór Reykjavíkur, undir stjórn Óskars Einarssonar.

Miðasala á midi.is og í verslunum Skífunnar og BT.

Aðeins selt í saeti - miðamagn takmarkað!

Coke jeftur tonum

BYLGJAN 989

ALLIR ERU AÐ HLUTA!

Esso

# Nýtt í bíó



SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

PETTA ER EKKERT MÁL kl. 5.45, 8 og 10.15  
SÝND Í LÚXUS kl. 5.45, 8 og 10.15  
MY SUPER-EX GIRLFRIEND kl. 5.50, 8 og 10.10  
LITTLE MAN kl. 4, 6, 8 og 10  
TAKK FYRIR AD REYKJA kl. 8 B.I. 7 ÁRA  
GRETTR 2 ISL. TAL kl. 4 og 6  
MIAMI VICE kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA  
ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ISL. TAL kl. 4



REGNBOGINN SÍMI 551 9000

PETTA ER EKKERT MÁL kl. 8 og 10.15  
TAKK FYRIR AD REYKJA kl. 5.50 B.I. 7 ÁRA  
KVIKMYNDAHÁTIÐ FACTOTUM kl. 6  
VOLVER kl. 5.50  
THE WIND THAT SHAKES THE BARLEY kl. 5.45  
ENVÖN: THE SHARTEST GUYS IN THE ROOM kl. 6  
THE BOOK OF REVELATION kl. 8



Borgarvíði SÍMI 462 3500

MY SUPER EX-GIRLFRIEND kl. 8 og 10  
PETTA ER EKKERT MÁL kl. 8  
LITTLE MAN B.I. 12 ÁRA kl. 6  
YOU, ME & DUPREE kl. 10  
GRETTR 2 ISL. TAL kl. 6



Sími 553 2075  
Vinni ófyrirvara, fáður ófyrirvara  
Super Ex-Girlfriend

L Það er þarast sem er hyljilegra en að bryja með skarttu það er að hætta með heim  
Sýnd kl. 6, 8 og 10



LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus  
UNITED 93 ★★★★  
JULI, MIL. JUL. 2006  
TV. KVIKMYNDIS  
HALLA, KVIKMYNDIS  
14

REINER WILSON HUDDIE DILLON DOUGLAS  
GEJJUD GRÍNMYND

L You, Me and Dupree  
Sýnd kl. 8 og 10.15

www.laugarasbio.is

## FRÉTTIR AF FÓLKÍ

Nick Lachey er ákveðinn í að sanna að hann sé búinn að gleyma sárindunum vagna skilnaðar hans og Jessica Simpson. Lachey hefur kynnt nýja kærustu sína, Vanessa Minnillo, fyrir foreldrum sínum og segist alveg vera kominn yfir Jessicu. "Ég ætlaði aldrei að verða ástfangin, en sjáð bara hversu ánægð við Nick erum," sagði nýja kærastan.

Keramík fyrir alla

## Þinn hópur



Óvissuferðir, gæsir, vinnustædir, saumaklúbbar... Bókaðu eigin hópur, eða komdu þegar þér hentar.

Tilboðspakkar frá kr 1190

Keramík fyrir alla  
sími 552 2882, Laugavegi 48b.  
Sjá lýsingu: www.keramik.is

## Hjakkað í sama farinu

### [TÓNLIST]

#### UMFJÖLLUN

Ég var spurður að því á dögum hvernig tónlist The Mars Volta spilaði. Þar sem ég vissi að viðkomandi myndi örugglega ekki tengja við enskusleituna „progrókk“ reyndi þetta aðeins meira á heilasellurnar en áður. Það besta sem mér datt í hug að segja var að betta hljómaði eins og Led Zeppelin ef Santana og Curver félagi minn hefðu verið liðsmenn. Veit ekki hvort þessi lýsing virkaði fráhrindandi eða aðlaðandi. Veit samt að ég hef ekki séð margar sveitir á tónleikum sem hafa gripið mig jafn miklum heljartökum og þessi.

Peir Cedric Bixler og Omar Rodriguez hentu sér svo sannarlega út í djúpu laugina eftir að þeir splundruðu einni bestu rokksveit síðustu ára, At the Drive-in, upp í frumeiningar. Peir svöluðu tilraunaborsta sínum all svakalega og náðu með frumraun sinni, De-Loused in the Comatorium, að skapa sér hljóm sem verður án efa kóperaður næstu árin. Á fylgifikasi beirra plötu, Frances the Mute, náðu peir svo að stíga skrefinu lengra með annars með því að blanda áhrifum frá kúbonskum djassi inn í blönduna.

Eittihvað finnst mér þeir svo hafa unnið þessa nýju plötu í flýti, því þetta hljómar bara eins og afgangsefni af því sem þegar er komið. Alls ekkert slæmt efni, en þó lög sem bæta litlu sem engu við. Platan er einfaldlega af keim-



THE MARS VOLTA

AMPUTECHTURE

Niðurstaða: Þriðja breiðskíf The Mars Volta veldur vonbrigðum. Ekki vegna þess að hún sé ekki vel unnin eða spiluð, heldur vegna þess að hér hjakkar hljómsveitin í sama farinu, sem er auðvitað höfuðsynd tilraunakenndra sveita.

lík fyrri verkum og lögin ekki nægilega sterkt til þess að hægt sé að njóta þeirra almennilega. Þetta er auðvitað bölvun framsækkinna rokksveit. Því dýpra sem þær kafa í tilraunabrunninn því fleiri aðáðendur næla þær sér í. Ef þær bjóða upp á svipaða hluti og áður, verður erfiðara að tengja sig við nýtt efni. Ég á að minnsta kosti alltaf eftir að kjósa að hlusta aftur á þau lög þeirra sem hreyfðu mest við mér við fyrstu kynni. Þessi plata er einhvern vegginn þannig að mér finnst ég hafa heyrт öll þessi lög áður. Þó að þetta sé alveg gífurlega flott, er samt alltaf þessi óþágelega tilfinningi í hnakkunum á mér að hér sé verið að reyna endurskapa einhvern galdur sem náiðist fyrir hreina tilviljun áður. Fyrir vikið verður þessi plata sú mest óspennandi sem þessir snillingar hafa smíðað. Því er nú ver og miður.

Birgir Örn Steinarsson

## Mulningur og sveimkjarni í kvöld

Bandaríksa mulnings- og sveimkjarnasveitin Backstabbers Inc. heldur tónleika í Smekkleysu og Elvis á Klapparstíg í kvöld.

Hljómsveitin er að ljúka tónleikaferð um Evrópu og heldur eingöngu eina tónleika hér á landi. Með henni spila hinari íslensku Gavin Portland og Changer.

Hljómsveitin Backstabbers Inc. hefur sent frá sér eina plötu og heitir hún Kamikaze Mission. Var hún gefin út undir merkinu Trash Art á Rhode Island í Bandaríkjunum. Hjá Trash Art hafa einnig komið út plötur með hljómsveitum á borð við Today Is The Day og 16



BLACKSTABBERS INC. Bandaríksa mulningsveitin heldur tónleika hér á landi í kvöld.

sem margir íslenskir tónlistarunn-endur ættu að kannast við.

Backstabbers Inc. spila öfguken og ástríðufullt rokk í anda hljómsveita á borð við Converge, Isis og Black Flag.

## Sú þriðja á leiðinni

Bandaríski leikstjóri Oliver Stone ætlað að gefa út þriðju útgáfu sína af kvíkmynd sinni Alexander frá árinu 2004.

Þessi nýjasta útgáfa verður hvorki meira né minna en bríklukkutímar og fjörutíu mínutur. Upphaflega myndin, bar sem Colin Farrell var í aðalhlutverki, er briggja tíma löng. Fékk hún daprar viðtökur hjá kvíkmyndagagnrýnendum.

"Með því að klippa myndina niður í þrjá tíma misstum við mörg mikilvæg atriði. Í þessari útgáfu geturðu hellt þér betur út í pennan sígilda heim," sagði Stone.

Nýjasta mynd Stones nefnist



OLIVER STONE Leikstjóri virti ætlað að gefa út þriðju útgáfuna af Alexander.

World Trade Center og fjallar um hryðjuverkaðásirnar í Bandaríkjunum bann 11. september 2001. Með aðalhlutverk í myndinni fer Nicholas Cage.

# Stórtónleikar Kurt Elling

ásamt Laurence Hobgood Trio  
Háskólabíó 30.september

Fyrir tónleikana leikur  
Kvartett Eyjólfs Þorleifs og Andrésar Þórs


Allar nánari upplýsingar um tónleikana og aðra viðburði er að finna á [www.jazz.is](http://www.jazz.is)

GLITNIR



olis

VISA





**SEABEAR** Hljómsveitirnar Seabear og Benni Hemm Hemm gefa nú út hjá hinu þýska fyrirtæki Morr.

# Gefa út hjá Morr

Hljómsveitirnar Seabear og Benni Hemm Hemm hafa gert samninga við þýska plötufyrirtækið Morr, sem er í Berlín.

Morr hefur meðal annars gefið út plötur mún en nú bætist við nýasta plata Benna Hemm Hemm sem hefur hlutið mjög góða dóma gagnrýnda og ný EP-plata frá Seaber.

Ekki er langt síðan Jóhann Jóhannesson gerði samning við 4AD, sem hefur gefið út plötur Pixies og Gus Gus, um að fyrirtækið gefi út nýjustu plótum hans IBM 1401, A User's Manual. Það er því ljóst að íslensk tónlist er sifellt að verða eftirsóttari úti í hinum stóra heimi.



**U2** Rokksveitin U2 ætlar að taka upp la með Green Day.

## Hot Chili Peppers og fleiru

Lagið með Green Day verður gefið út til styrktar Music Rising sem eru góðgerðarsamtök sem gítarleikarinn The Edge átti hátt að stofna til styrktar fórnárlömbum fellibylsins Katrinar.

# U2 og Green Day taka upp lag saman

Írsku rokkararnir í U2 og bandaríkska hljómsveitin Green Day ætla að taka saman upp sína útgáfu af laginu The Saints Are Coming.

Lagið var upprunalega flutt af skosku rokksveitinni The Skids, sem sló í gegn á áttunda áratugnum með lögum á borð við Into the Valley og Masquerade.

Meðlimir U2 hafa verið í hljóðveri undanfarna mánuði til að taka upp nýja plötu sem á að fylgja eftir vinsældum How To Dismantle an Atomic Bomb, sem kom út árið 2004. Upptökustjóri er enginn annar er Rick Rubin, sem hefur unnið með System of a Down, Johnny Cash, Metallica og Red



Fer vel í veski

**AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000**  
**FRÉTTABLAÐIÐ**



## Opinn kynningarfundur

Marel hf.

boðar til almenns kynningarfundar vegna fyrirhugaðs hlutafjárútboðs í félagini.

Fundurinn verður haldinn briðjudaginn 12. september klukkan 17:00 í höfuðstöðvum Marel, Austurhrauni 9, Garðabæ.

Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marel og Hörður Arnarson forstjóri Marel munu kynna félagið, stefnu þess og framtíðarsýn. Eultrúi Landsbankans mun kynna hið fyrirhugaða hlutfiárárúthöð.

Fundurinn er öllum opinn

Fundurinn er óllum opinn.  
Tekið er við skráningum á fundinn biá Marel í síma: 563-8072 og í tölvupósti á: berath@marel.is

Stjórn Marel hf.

 Marel

## &gt; Fjórða tap Hammarby í röð

EKKI hefur gengið vel hjá íslendingaliðinu Hammarby í sánsku úrvallsdeildinni að undanföru. Liðið tapaði í gær sínum fjórða leik í deildinni í röð þegar það lá fyrir Kalmar 1-2 á heimavelli sínum. Ekki er langt síðan liðið var á toppi deildarinnar en hvorki hefur gengið né rekið hjá því upp á síðkastið. Stokkhólmliðið er nú í sjötta sæti deildarinnar með 27 stig og er sex stígum á eftir grónum sínum í AIK sem trjóna nú á toppnum. Pétur Marteinson lék allan leikinn gegn Kalmar en Gunnar Pór Gunnarsson var ekki með vegna meiðsla.



**sport**  
sport@frettabladid.is

LANDSBANKADEILDIN



HELGI KOLVIÐSSON: HEFUR ALLTAF STEFT AÐ PVÍ AÐ ENDA FERILINN MEÐ LIÐI HK

## Spenntur fyrir því að snúa aftur

„Ég sagði það alltaf í gríni að ég myndi enda ferilinn með HK í úrvallsdeildinni, nú er aldei að vita nema það verði að veruleika. Það getur allt gerst í fótboltanum,” sagði knattspyrnumáðurinn Helgi Kolviðsson við Fréttablaðið í gær. Helgi er á sínu síðasta ári á samningi við þýska 3. deildarlíði Pfullendorf en hann er 35 ára og hóf ferilinn hjá liði HK.

HK-ingar eru í góðri stöðu í 1. deildinni og miklar líkur á að félagið komist upp í efstu deild í lokaumferðinni en það væri þá í fyrra sinn í sögu þess. „Það er alt opioð hjá manni og væri óneitanlega skemmtilegt verkefni að klæðast aftur HK-búningnum og það í efstu deild. Ég á marga félaga sem mæta á leiki hjá liðinu og ég fylgst vel með gengi þess í gegnum þá,” sagði Helgi Kolviðsson í gær en þá var hann að undirbúa sig fyrir bikarleik Pfullendorf gegn Bielefeld. Pfullendorf er um miðja þriðju deildina og segir Helgi að menn séu sáttir við þá stöðu.

„Mér líður mjög vel héna í Þýskalandi og er náttúrulega búinn að koma mér fyrir. Ég er nýbúinn að byggja héna og hér eru krakkarnir mírin í skóla svo maður þarf að hugsa þetta vel, en ég neita því

ekki að það kitlar að snúa aftur heim og enda ferilinn með HK,” sagði Helgi en hann var fyrrliði HK þegar liðið spilaði sitt fyrsta tímabil á Íslandsmótinu 1992, liðið vann alla leiki sína í gömlu fjórðu deildinni og komst beint upp.

Sumarið 1993 var ekki minna ævintýri fyrir félagið og sem fór í næst-efstu deild þar sem það endaði í sjötta sæti árið á eftir. Það var síðasta tímabil Helga hér á landi en síðan hefur hann verið í atvinnunumenskunni og meðal annars spilað fyrir þýsku liðin Mainz og Ulm og Karnten í Austurríki. Hann er nú hjá Pfullendorf, sama liði og hann hóf ferilinn með.



## RÚV viðurkennir mistök sín

Páll Magnússon útvárpsstjóri viðurkennir að mistök hafi átt sér stað er bein útsending frá úrslitaleik bikarkeppni kvenna var hætt vegna fréttas Sjónvarpsins þegar vítaspyrnukeppni var að hefjast. Landsliðsbjálfarinn er óánægður.

**FÓTBOLTI** Valur og Breiðablik áttust við í úrslitaleik bikarkeppni kvenna á Laugardaginn og hófst leikurinn kl. 16.30. Hann var framlengdur og burfti vítaspyrnukeppni til að knýja fram úrslit leiksins. Þegar komið var að henni átti samkvæmt dagaskrá Sjónvarpsins fréttatími að hefjast og var útsendingu hætt frá leiknum.

Sjónvarpsáhorfendur brugðust illa við og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins bárust skiptiborði RÚV meira en 300 símtöl á skömmum tíma eftir að fréttatíminn hófst.

Páll Magnússon útvárpsstjóri sagði við Fréttablaðið í gær að mistök hafi verið gerð. „Ég tel að þessi ákvörðun hafi verið röng. Það hefði átt að klára útsendinguna frá leiknum áður en fréttir hófust. Það skiptir ekki öllu máli hver tók þessu ákvörðun þar sem ég ber ábyrgð á þeim ristjörnarlegum ákvörðunum sem eru tekanar,” sagði Páll.

Hann segist hafa fengið talsvert af tölvupósti og öðrum tilkynningum bar sem fólk lýsir yfir óánægju sínni vegna þessa máls. „Ef Sjónvarpið sendir út frá bikarúrslitaleik á það að beita sér fyrir því að tímasetningin á leiknum sé þannig að útsendingin geti gengið til enda án þess að dagskrá raskist að öðru leyti. Jafnvel þótt leikurinn sé framlengdur og lokið með vítaspyrnukeppni. Ef á annað borð ákvörðun hafi verið tekið um að sjónvarpa leiknum þó að þessi



EKKI Í BEINNI Vítaspyrnukeppnin í leik Vals og Breiðabliks var ekki í beinni útsendingu þar sem henni var skýndilega hætt þar sem fréttatími Sjónvarpsins var að hefjast.

hætta hafi verið fyrir hendi þá eiga menn að vera reiðubúnir til þess að fresta fréttunum.“

Jörundur Áki Sveinsson er landsliðsbjálfari kvenna og var aðstoðarpulur í útsendingu Sjónvarpsins frá leiknum. Hann var vit-anlega haestóðaengður með hvernig fór. „Mér finnst þetta bara hneyksli. Það er ekkert annað orð fyrir það.

